Lengd 3 ál. br. 3 ál. hæð 4 ál. Hver hl. al. á kr.	61 =		183,00
		Kr.	5116,00

7 ó. 1059

Runólfur skipsk. Ólafsson hefur bygt einlyft hús með 3¼ ál. risi á lóð sinni við ~~Laufásveg~~ Kaplaskjólsveg 2. Hús þetta er bygt af binding, klætt utan með plægðum 1" borðum, pappa, listum og járni þar yfir, og með járnþaki á plægðri 1" borða súð með pappa á milli. Innan á binding er pappír, og milligólf í báðum bitalögum. Niðri eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, gangur og 1 fastur skápur, sem allt er þiljað, og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum; Allt málað. Þar eru 3 ofnar og 1 eldavjel. Uppi á loftinu eru 2 herbergi þiljuð og máluð. Kjallari 3ál. á hæð er undir öllu húsinu. Lengd 12 ál. br. 11 ál. hæð 3¼ al. Hver hl. al. á kr. 345 — 4140,00

3 ofnar $\frac{60}{48}$ $\frac{48}{38}$. 1 eldavjel 75,00 — 221,00

b. Við suðurgafl er imgöngu skúr með risi og kjallara. Hann er byggður eins og húsið, holfaður í tvent.

Lengd 3 ál. br. 4 ál. hæð 4 ál. Hver hl. al. á kr.	91 =		273,00
		Kr.	4634,00

8 ó. 1060

Ekkjan Vilborg Gunnarsdóttir hefur bygt einlyft hús með 3¾ ál. risi, á lóð sinni við Lindargötu. Hús þetta er bygt af binding, klætt utan með plægðum 1" borðum, pappa, listum og járni þar yfir, og með járnþaki á plægðri 1" borða súð með pappa á milli. Að vestanverðu er eldvarnar gafl — Í útveggi er fyllt með sagi, og milligólf í báðum bitalögum. Niðri eru 3 íbúðar herbergi og eldhús; sem allt er þiljað, og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum; Allt málað. Þar eru 3 ofnar. Á efri hæðum er gólf úr plægðum 1" borðum. Kjallari er undir öllu húsinu 3¼ al. á hæð.

Lengd 10 ál. br. 10 ál. hæð 4¾ al. Hver hl. al. á kr.	308 =		3080,00
3 ofnar 38,00 hver			114,00

Við suðurhlið er imgöngu skúr, byggður eins og húsið.

Lengd 2½ al. br. 3 ál. hæð 4 ál. Hver hl. al. á kr.	58 =		145,00
		Kr.	3339,00

9 ó. 637

Gísli steinsm. Þorkelsson hefur breytt og umbætt íbúðarhús sitt á lóð sinni við Laugaveg nr 62. Hús þetta er einlyft, með 4½ ál. risi, það er bygt af binding, klætt utan með plægðum borðum, pappa og járni þar yfir á þaki og veggjum. Í alla útveggi er fyllt með marhálm. Niðri í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur, geymsluklefi og 2 fastir skápar

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem alt er þiljað, og 2 herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum, en 1 með striga og pappír á veggjum og panel lofti; Allt málað. Þar eru 2 ofnar og 1 eldavjel. Uppi eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og 2 fastir skápar, sem alt er þiljað og málað. Þar eru 1 ofn og 2 eldavjelar. Kjallari 2¾ al. á hæð er undir öllu húsinu. Í honum eru 5 geimsluklefar og gangur.

Lengd 14 ál. br. 10 ál. hæð 4½ al.	Hver hl. al. á kr.	293 =	4102
3 ofnar 57 44 28. 3 eldavjelar 77 50 28	" " "		281,00
b. Við suðurhlið er imgöngu skúr og uppgöngu. Hann er byggður eins og húsið. Í honum eru 3 fastir skápar.			
Lengd 4 ál. br. 3 ál. hæð 6¾ al.	Hver hl. al. á kr.	78~~,75~~ =	312,00
		Kr.	4695,00

10 e. Jónatan Þorlaksson Þorsteinsson hefur aukið og endurbætt íbúðarhús sitt, á lóð sinni á horninu á Vatnsstíg og Laugaveg nr 31. Húsið þetta er tvílyft, með flötu þaki. Það er bygt af binding, klætt utan með plægðum ¾" borðum, pappa, listum og járni þar yfir, og með járnþaki á plægðri 1" borða sið með pappa á milli. Í útveggjum er sumpart milli-fjöl og pappi og sumpart sag, og milligólf á öllum bitalögum. Niðri eru 8 ~~íbúðar~~herbergi, 4 gangar og 1 fastur skápur, sem alt er þiljað og 1 herbergið með búðarborði, hyllum og skápum; Allt málað. Þar eru 3 ofnar. Uppi eru 9 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 4 gangar, 3 geimsluherbergi og vinnustofa, sem alt er þiljað, og íbúðarherbergin með striga og pappír á veggjum og loftum; Allt málað. Þar eru 3 ofnar og 2 eldavjelar. Kjallari er undir öllu húsinu 3¼ al. að meðalhæð. Í honum er sumpart steinsteypugólf og sumpart timbургólf. Hann er hólfaður í 7 geimsluherbergi sem þiljuð eru innan. Þar er 1 ofn og Vatnshitunartæki.

Lengd 34 ál. br. 23½ al. hæð 11 al.	Hver hl. al. á kr. 1072 =		36448,00
7 ofnar 145 140 75 105 47 38 52. 2 eldavjelar 180 51. 1 vatnspottur 70,00			903,00
b. Við norður hlið húsins er byggður geimsluskúr af binding. Hann er klæddur utan á austurhlið og þaki, með járni á langböndum. Eldvarnarhlið að vestanverðu. Í honum er timbургólf.			
Lengd 12 ál. br. 8 ál. hæð 4½ al.	Hver hl. al. á kr. 45 =		540,00
		Kr.	37891,00

11 e. Steingrímur rektor Þorsteinsson hefur umbætt íbúðarhús sitt við Þorvaldsens stræti nr. 4. Hús þetta er tvílyft, með 4 ál. risi. Það er bygt af binding, klætt utan með plægðum ¾" borðum, pappa og járni þar yfir á þaki og veggjum. Í allar útveggi er múrað með múrsteini í binding. Niðri eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr, gangur, og 1 þiljaður geimsluklefi, hitt alt þiljað, og herbergin með striga og pappír og bjórþiljur á veggjum, en spjalda loftum; Allt málað. Þar eru 3 ofnar. Uppi eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 1 fastur skápur, sem alt er þiljað, og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum, Allt málað. Þar eru 5 ofnar og 1 eldavjel. Í þenja gólfi er 1 íbúðarherbergi þiljað og málað. Þar er 1 ofn. Enfremur er þar geimslu-rúm og framloft.

Lengd 19 ál. 8/1 br. 12 ál. hæð 8¾ al.	Hver hl. al. á kr. 512		9728,00
9 ofnar 55 kr. 40 kr. 2 eldavjelar 75 67	" "		622,00
b. Við vesturhlið er imgöngu skúr byggður eins og húsið.			
Lengd 3½ ál. br. 3¼ al. hæð 3½ al.	Hver hl. al. á kr. 34		119,00
C. Við vesturhlið er einnig annar skúr byggður eins og húsið. Hann er hólfaður í 5 geimsluklefa og gang.			
Lengd 5 ál. br. 7 ál. hæð 4½ al.	Hver hl. al. á kr. 100		500,00
		Kr.	10969,00

Hjörtur Hjartarson Sigvaldi Bjarnason

Kr. 1906 hinn 10 Oktober var lóðarmerkjabjörn á Reykjavík bæjargjaldkeri Þorsteinn Matthías Jónsson reglulega lóðarmerkjaboðaður samkvæmt ákvörðun Reykjavíkur bæjarstjórnar Hr. Hjörtur Hjartarson og undirritaðir Bjarnar Sigvaldi Bjarnason hafa komið á staðinn til þess að framkvæma lóðarmerkjagjörð þessa.

1 e. Ólafur kaupm. Árnason hefur bygt ~~timbrað~~ hús með 3½ ál. risi á lóð sinni við Suðurgötu. Hús þetta er bygt af binding, klætt utan með plægðum ¾" borðum, pappa, listum og járni þar yfir, og með járnþaki á plægðri ¾" borða sið með pappa á milli. Innan á binding er pappi og milligólf í öllum bitalögum. Á framgafli hússins er útbekt 1½ x 8 ál. sama hæð og á húsinu sjálfu og sami byggingarmáti. Niðri eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, 2 gangar og 1 fastur skápur, sem alt er þiljað, og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum; Allt málað. Þar eru 2 ofnar og 1 eldavjel. Uppi eru 4 íbúðarherbergi, gangur og salerni, sem alt er þiljað;

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og med striga og pappír á veggjum, súð og loftum; Alt málað. Þar eru 3 ofnar. Á þridja bitalagi er gólf úr plægðum 1" bordum. Kjallari með steinsteypu gólfi, 3¾ al. á hæð, er undir öllu húsinu. Í honum eru 4 geimslu rúm. Í húsinu eru enfremur, dæla, vatnspípur, hanar og 3 skolpþrar.

Lengd 16½ al. br. 16 ál. Meðalhæð rúml. 9 ál. Hver hl. al. á kr. 828 — 13992,00

5 ofnar $\frac{2}{105}$ $\frac{1}{128}$ $\frac{1}{180}$ $\frac{1}{76}$. 1 eldavjel 152 kr. Vatnsleyðslan með tilh. 200 — 946,00

Kr. 14938,00

2.º Björn Jónsson hefur bygt einlyft hús með 3¾ ál. risi á lóð sinni við Stýrimannaskóla stíg. (bakhús)

1062

Hús þetta er bygt af binding, klætt utan með plægðum 1" bordum, pappa, listum og járni þar yfir, og með járnþaki á plægðri 1" borda súð með pappa á milli. Í útveggi er fylt með sagi og milligólf í nedra bitalagi. Sag í efra bitalagi milli lofta. Niðri eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 2 fastir skápar, sem alt er þiljað, og alt annað en eldhúsið, með striga og pappír á veggjum og loftum; Alt málað. Þar eru 2 ofnar og 1 eldavjel. Á efri bitum er gólf úr plægðum 5/4" bordum. Kjallari með steinsteypu gólfi og timburgólfi ofan á því í ¾, er undir öllu húsinu. Hann er 4 ál. á hæð, og í honum eru 2 íbúðar herbergi, eldhús, gangur og geimslu klefi; Alt utan ~~gangurum~~ geimsluklefinn þiljað og málað. Þar er 1 ofn og 1 eldavjel.

Lengd 11 ál. br. 10 ál. hæð 5 ál. Hver hl. al. á kr. 370 — 4070,00

3 ofnar $\frac{1}{62}$ $\frac{2}{46}$. 2 eldavjelar $\frac{1}{57}$ $\frac{1}{50}$ " " — 261,00

b. Við norðurhlið hússins er inngöngu skúr. Hann er bygður eins og húsið. Lengd 3 ál. br. 3 al. hæð 4¼ al. Hver hl. al. á kr. 74 — 222,00

Kr. 4553,00

3.º D. Thomsen kaupmaður hefur aukið og endurbætt

587

húseign sína á lóð sinni við Hafnarstræti nr. 17. Hús þetta er bygt af binding, klætt utan með plægðum 5/4" bordum á norðurhlið, enn á suðurhlið og austurgafli oplægðum 5/4" bordum, pappa og járni þar yfir — eldvarnargafl að vestanverðu, og með járnþaki á plægðri 1" borda súð. Innan á binding er pappi, og fylt í tvö bitalögin með marhálm milli lofta. Niðri er sölubúð alsett bordum, hyllum, skápum og skúffum; og 1 geimsluklefi alsettur hyllum. Hvorutveggja er þiljað og málað. Í búðinni er 1 ofn. Uppi eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, búr, gangur og 1 fastur skápur; sem alt er þiljað, og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum, Alt málað. Þar eru 4 ofnar og 1 eldavjel. Á þridja gólfi eru 3 íbúðarherbergi og framloft, Herbergin eru þiljuð og máluð. Þar er 1 ofn. Kjallari með timburgólfi er undir öllu húsinu 4 ál á hæð.

Lengd 28 ál. br. 14 ál. hæð 10¾ al. Hver hl. al. á kr. 835 — 23380,00

6 ofnar $\frac{2}{105}$ $\frac{1}{65}$ $\frac{1}{55}$ $\frac{2}{45}$. 1 eldavjel 130,00 " " " — 550,00

b.º Við norðurhlið er inn og uppgöngu skúr. Hann er bygður eins og húsið. Í honum er þvotta klefi, 1 fastur skápur og salerni. Undir honum er kjallari 3½ al. á hæð.

Lengd 4¾ al. br. 5½ al. hæð 9½ al. Hver hl. al. á kr. 152 — 722,00

c.º Við norðurhlið hússins er einnig vörugeimsluskúr. Hann er bygður af binding, klæddur utan með plægðum 5/4" bordum, pappa og járni þar yfir á þaki og veggjum. Í honum er loft og gólf, og hann er allur þiljaður innan og alsettur hyllum. Kjallari með steinsteypu gólfi 2¾" al. á hæð, er undir honum öllum.

Lengd 16 ál. br. 5½ al. hæð 6½ al. Hver hl. al. á kr. 165 — 2640,00

Kr. 27292,00

4.º D. Thomsen kaupm. hefur bygt íshús við austurgaflinn á

727

húsinu nr 21, á lóð hans við Hafnarstræti. Það er bygt af binding, klætt utan með plægðum 1" bordum og járni þar yfir á tvo vegu — eldvarnarveggur að austanverðu, og með járnþaki á langböndum. Það er þiljað innan með 1" bordum og sag á milli. Frystirúm 6×8 ál. hæð 7 ál. Í honum er tvöfalt gólf og loft, fylt með sagi. Veggir með þreföldum bordum og tvöföldu járnfóðri með sagi á milli.

Lengd 21 ál. br 6½ al. hæð 7 ál. Hver hl. al. á kr. 182 — 3822,00

Kr. 3822,00

5.º Jón málari Reykdal hefur bygt tvílyft hús porti og 5 ál. risi, á lóð sinni við Miðstræti. Hús þetta er bygt af

1063

binding, klætt utan með plægðum 1" bordum, pappa, listum og járni þar yfir, og með járnþaki á plægðri 5/4" borda súð með pappa á milli. Innan á binding er pappi og milligólf í öllum bitalögum.

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Niðri eru 4 íbúðar herbergi, eldhús, gangur og 2 fastir skápar, sem alt er þiljað, og með striga og pappír á veggjum og loftum; Allt málað. Þar eru 3 ofnar og 1 eldavél. Uppi er sama herbergja skipun, og allur sami frágangur. Þar eru 3 ofnar og 1 eldavél. Á þriðja gólfi eru 5 herbergi, 2 gangar og 2 fastir skápar; Allt þiljað, og með striga og pappír á veggjum og loftum; Allt málað. Þar eru 3 ofnar. Á skammhlum er gólf úr 3/4" borðum. Kjallari 3 3/4 al. á hæð er undir öllu húsinu. Í honum eru 6 geymsluklefar. Steinsteypu gólf er í 2/3 hans, en timbur gólf í 1/3 þ.

Lengd 16 ál. br. 13 al. hæð 11 ál. Hver hl. al. á kr. 776 — 1241,60

9 ofnar 4/60 2/42. 2 eldavélar 105 90. Ofnar 2/37 1/54 — 647,00

b. Við vesturhlið er inn og uppgöngu skúr með kjallara og veggsvölum. Hann er byggður eins og húsið sjálft. Í honum er aukgangarma, búr og 6 fastir skápar, sem alt er þiljað og málað.

Lengd 9 1/2 al. br. 3 1/4 al. hæð 9 al. Hver hl. al. á kr. 134 — 1273,00

Kr. 1437,60

6 ú. 1864 Stefán Kr. Bjarnason skipstjóri hefur byggt tvílyft hús með 3 1/2 ál. risi á lóð sinni við Grundarstíg. Hús þetta er byggt af binding, klætt utan með plægðum 1" borðum, pappa, listum og járni þar yfir, og járnþaki á plægðri 3/4" borða súð, með pappa á milli. Innan á binding er pappi og milligólf í öllum bitalögum. Niðri eru 4 íbúðar herbergi, eldhús og 1 fastur skápur, sem alt er þiljað, og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum; Allt málað. Þar eru 4 ofnar og 1 eldavél. Á öðru gólfi er sami herbergjaskipaði og sami frágangur. Þar eru og 4 ofnar og 1 eldavél. Á þriðja gólfi er þiljað og málað herbergi. Þar er og geymslurúm. Kjallari er undir öllu húsinu 3 3/4 al. á hæð. Hann er hólfaður í 4 geymsluklefa og gang.

Lengd 13 ál. br. 12 ál. hæð 10 ál. Hver hl. al. á kr. 627 — 8151,00

7 ofnar 2/62 5/38. 2 eldavélar 50,00 hver — 414,00

b. Við suður gafl er inn og uppgöngu skúr, með eldvarnarvegg að sunnanverðu en að öðru leyti byggður eins og húsið. Á honum eru þaksvalir og undir honum kjallari. Lengd 4 1/2 al. br 5 al. hæð 9 ál. Hver hl. al. á kr. 140 — 630,00

c. Við vesturhlið er inn og uppgöngu skúr, byggður eins og húsið; hólfaður í tvent niðri, og 2 salerni og gang í kjallara. Lengd 3 1/2 al. br. 4 1/2 al. hæð 9 al. Hl. al. á kr. 162 — 567,00

Kr. 9762,00

7 ú. 963. Steinsmiðafélagið hefur byggt geymslu skúr á lóð sinni við Raudarárstíg. Hann er byggður af binding, klæddur utan með plægðum 1" borðum og járni þar yfir á þaki og veggjum. Í honum eru 2 geymslurúm og 2 salerni. Timburgólf er í honum öllum.

Lengd 10 ál. br. 6 ál. hæð 4 ál. Hver hl. al. á kr. 48 — 480,00

Kr. 480,00

8 ú. 687 Guðmundur Ámundason hefur aukið og endurbætt íbúðarhús þau er hann hafði áður byggja látið á lóð sinni við Laugaveg nr. 70. Hvelfhlaða byggð af binding, klædd utan með járni á langböndum á veggjum og þaki. Undir henni er þál hár grunnmúr.

d. Lengd 7 ál. br 7 ál. hæð 4 3/4 al. Hver hl. al. á kr. 73 — 511,00

c. Við suðurgafl hlöðumnar er byggt hesthús af binding, klætt utan með járni á langböndum þak og veggir. Í því er steinsteypu gólf og 12 hestbásar með milligerðum.

Lengd 10 ál. br. 8 1/2 al. hæð 3 ál. Hver hl. al. á kr. 60 — 600,00

e. Við suðurgafl hesthússins er geymslu skúr, byggður af binding klæddur utan með plægðum 1" borðum, og með járnþaki á langböndum. Í honum er 1 geymsluklefi, hænsnahús og 2 salerni. Lengd 5 1/2 al. br 4 1/2 al. hæð 3 ál. Hver hl. al. á kr. 28 — 154,00

Kr. 1265,00

9 ú. 460 Björn Kaupm. Þórðarson hefur aukið og endurbætt húseign sína á lóð sinni við Laugaveg nr. Hús þetta er tvílyft, með kvisti í gegn, 3 kvistgluggum og 6 1/2 al. risi. Það er byggt af binding, klætt utan með sumpart plægðum 3/4 borðum og sumpart plægðum 1" borðum, pappa, listum og járni þar yfir á 3 vegu – eldvarnargafl að austanverðu, og með járnþaki á plægðu sumpart 3/4 og sumpart 1" borða súð með pappa á milli. Í binding er fyllt sumpart með sagi og sumpart með markhálm, og milligólf í efsta bitalagi. Niðri er skrifstofa, svefnherbergi og gangur. Þar er og sölubúð með búðarborðshyllum, skápum og skúffum; Allt þiljað, og sumt með striga og pappír á veggjum og loftum; Allt málað. Þar eru 2 ofnar. Á öðru gólfi eru 5 íbúðar herbergi, eldhús og gangur, sem alt er þiljað, og með striga og pappír á veggjum og loftum; Allt málað. Þar eru 4 ofnar og 1 eldavél. Á þriðja gólfi eru 5 herbergi, eldhús og gangur, sem alt er þiljað, og herbergin og gangurinn sumpart með pappa og sumpart með striga og pappír Allt málað. Þar eru 5 ofnar og 1 eldavél. Kjallari er undir öllu hús-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eins 5 ál á hæð. Í honum eru 7 geimsluklefar og gangar, sumt með steinsteypugólfi en sumt með timburgólfi.

Lengd 18 ál. br. 13 ál. hæð 9½ al. Hver hl. al. á kr. 800 — 14400,00

11 ofnar 1/105 1/85 1/70 1/76 2/72 1/38 1/32 2/30 1/60. 2 eldavélar 1/65 1/55 .. .. — 700,00

b. Við suðurhlið er inn og upp gengur skúr. Hann er byggður eins og húsið. Í honum er búr, skápur og 3 gangar.

Lengd 4 ál. br 4 ál. hæð 8½ al. Hver hl. al. á kr. 154 — 616,00

Kr. 15716,00

10 ý. 1065 Magnús skipstjóri Magnússon og Sigurður verzlunarmaður Sumundsson, hafa byggt tvílyft hús með 6 ál. risi á lóð sinni við Engjaveg nr. 8. Hús þetta er byggt af binding, klætt utan með plægðum 7" borðum, pappa, listum og járni þar yfir, ~~og með~~ járnþaki á plægðri 7" borða suð með pappa á milli. Innan á bindingi er pappi, og milligólf í öllum bitalögum. Niðri eru 5 íbúðar herbergi, eldhús og 1 fastur skápur, sem alt er þiljað, og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum; Alt málað. Þar eru 3 ofnar og 1 eldavél. Uppi eru herbergja og eldhúsa þjóðir heim sami og niðri, og allur þvígangur eins. Í þriðja gólfi eru 6 íbúðar herbergi og gangur, sem alt er þiljað, 2 herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum, en 4 með pappa á veggjum og suð, en striga og pappír á loftum; Alt málað. Þar eru 2 ofnar og 1 eldavél. Í skammbitum er portloft. Kjallari með steinsteypu gólfi, 3½ al á hæð, er undir allu húsinu. Hann er hólfaður í 7 geimsluklefa, gang og þvottahús með panel loftí og kalkdregnum veggjum. Þar er 1 vatnsheldunarpottur.

Lengd 15 ál. br. 12 ál hæð 11 ál. Hver hl. al. á kr. 730 — 10950,00

8 ofnar 2/105 2/55 1/38 3 eldavélar 2/75 1/55 . Vatnspottur 65,00 — 768,00

b. Við suðurgafl er inn og upp gengur skúr með kjallara undir. Hann er byggður eins og húsið.

Lengd 4 ál. br. 6 ál. hæð 10¼ al. Hver hl. al. á kr. 267 — 1068,00

C. Við vesturhlið er einnig inn og upp gengur skúr með kjallara og eldvarnarvegg að vestanverðu, að öðru leyti byggður eins og húsið.

Lengd 4 ál. br. 4½ al. hæð 13 ál. Hver hl. al. á kr. 233 — 937,00

Kr. 13718,00

11 ý. 1065 Jóhannes steinsm. Jónsson hefur umbætt húsið sitt á lóð sinni (vantar við Smiðjustíg) Tjarnargötu. Hús þetta er einlyft, með 2½ ál. risi. Útveggir þess eru byggðir af steini, en gaflveggir af binding, klæddum utan með plægðum borðum pappa; og járni þar yfir á suður gafl, og með járnþaki á kantsettri 5/4" borða suð með pappa á milli, og fyllt með marhálm milli sperra. Niðri eru 2 íbúðar herbergi, eldhús, gangur og 3 fastir skápar, sem alt er þiljað og málað. Þar er 1 ofn og 1 eldavél. Uppi eru 2 íbúðar herbergi og framloft, og herbergin þiljuð og máluð. Þar eru 2 ofnar.

Lengd 14 ál. br. 8¾ al. hæð 4 ál. Hver hl. al. á kr. 194 — 2716,00

3 ofnar 3/9 3/5 1/5. 1 eldavél 45,00 .. .. .. — 144,00

b. Við vesturhlið er inngöngu skúr byggður af binding, klæddur utan með listuðum borðum, og með járnþaki á langlistuðum.

Lengd 9 ál. br. 3 ál. hæð 3¼ al. Hver hl. al. á kr. 12 — 108,00

C. Á sömu lóð er byggt geimsluhús af binding, klætt utan með listuðum borðum, og með járnþaki á kantsettri borða suð. Í því er loft og gólf og 2 geimslu rúm, annað þiljað innan.

Lengd 9 ál. br. 5 ál. hæð 4 ál. Hver hl. al. á kr. 55 — 495,00

Kr. 3463,00

12 ý. 1065 Árni bókhaldari Jónsson hefur rifið niður og byggt upp íbúðarhús sitt á lóð sinni við Laugaveg nr. 37. Hús þetta er tvílyft með 5 ál risi, það er byggt af binding, klætt utan með plægðum 1" borðum, pappa, listum og járni þar yfir, og með járnþaki á plægðri 1" borða suð með pappa á milli. Eldvarnarveggur að austan verðu, og á vesturhlið. Innan á bindingi er pappi, og milligólf í öllum bitalögum. Niðri er sölubúð með borði og hyllum, 5 íbúðar herbergi, eldhús, búr og gangur, sem alt er þiljað, og herbergin og búðin með striga og pappír á veggjum og loftum; Alt málað. Þar eru 4 ofnar og 1 eldavél. Uppi eru 6 íbúðar herbergi, eldhús, 2 fastir skápar og gangur, sem alt er þiljað, og með striga og pappír á veggjum og loftum, (alt nema eldhúsið) Þar eru 3 ofnar og 1 eldavél. Í þriðja gólfi er 1 íbúðar herbergi þiljað og málað, 1 ofn, 1 fastur skápur og framloft. Kjallari með steinsteypu gólfi er undir allu húsinu. Hann er 3½ al. á hæð. Í honum eru 3 herbergi og gangur; Alt þiljað og málað. Þar eru og 4 geimsluklefar, og í einum af þeim sementsteypt vatnsþró. Í herbergjunum og ganginum er timbur gólf ofan á steypu gólfum.

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lengd 20½ al. br. 12½ al. had 10¼ al. Hver hl. al. á kr. 72 | 14801,00
8 ofnar 1/55 1/25 1/58 1/55 2/50 1/48 1/38. 2 eldavélar 73 57 " | 709,00

b. Við norður hlið hússins er inn og uppgöngu skúr (grunnskúr) Hann er byggður eins og húsið. með þ

Lengd 3½ al. br. 4 al. had 5½ al. Hver hl. al. á kr. 198 | 693,00
Kr.

13 n. Á sömu lóð er annað íbúðar hús (bakhús) það er byggt af binding, klætt utan með plægðum 1" borðum, pappa og járni þar yfir á þaki og veggjum. Hús þetta er einlyft með porti og 3 al. ríss. Niðri í því eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 3 fastir skápar, sem alt er þiljað. Herbergin og gangurinn með pappa á veggjum; Alt málað. Þar er 1 ofn og 1 eldavél. Uppi eru 3 íbúðarherbergi, gangur, geymsluklefi og 3 fastir skápar, sem alt er þiljað og málað. Þar eru 2 eldavélar.

1066

Lengd 9 al br. 8 al. had 5½ al. Hver hl. al. á kr. 222 | 1998,00
1 ofn 50,00. 3 eldavélar 1/50 2/25 " " " | 150,00

b. Við norður hlið hússins er inn og uppgöngu skúr með eldvarnar vegg að norðanverðu; að öðru leyti er hann byggður eins og húsið

Lengd 2⅓ br. 2⅓ had 7½ al. Hver hl. al. á kr. 90 | 210,00
Kr. 2358,00

14 n. Sigurður kaupm. Björnsson hefur byggt einlyft hús með 6 al. ríss á lóð sinni við Grettisgötu nr. 38. Hús þetta er byggt af biding, klætt utan með plægðum 1" borðum, pappa, listum og járni þar yfir, og með járnþaki á plægðri ¾" borða sið með pappa á milli. Í útveggi er fylt sumpart með sagi og sumpart með marhálm, og milli gólfa í báðum bitalögum. Niðri eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, gangur og 1 fastur skápur, sem alt er þiljað, og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum; 2 með bjóðkpanel; Alt málað. Þar eru 2 ofnar og 1 eldavél. Uppi eru 3 íbúðarherbergi, gangur og 4 hliðar skonsur, sem alt er þiljað og málað. Þar eru 2 ofnar. Kjallari með steinsteypu gólfi og timbur gólfi ofan á því, er undir öllu húsinu. Hann er 5 al. á hæð, og í honum er sölubúð með hurð, hyllum, skápum og skilfum, skrifstofa og 2 geymsluklefar, alt þiljað. og fylt með marhálm bak við þiljur. Búðin og skrifstofan máluðar. Þar er 1 ofn.

Lengd 13½ al. br. 12 al. had 5¾ al. Hver hl. al. á kr. 600 | 8100,00
5 ofnar 1/15 1/75 1/55 1/32 1/29. 1 eldavél 77,00 " " | 377,00
Flyt kr. 8477,00

Flutt kr. 8477,00

b. Við suður hlið hússins er inn og uppgöngu skúr. Hann er byggður eins og húsið. Í honum eru 3 fastir skápar auk 3ja ganga, alt þiljað og málað.

Lengd 3¼ al. br. 4¼ al had 9½ al. Hver hl. al. á kr. 200 | 650,00
Kr. 9127,00

15 n. Runólfur skipstj. Stefánsson hefur byggt einlyft hús með porti og 5 al. ríss á lóð sinni við Skólavörðustíg (bakhús) Hús þetta er byggt

1067

af biding, klætt utan með tvöfaldri 1" borða klæðningu úplægðri og tvöföldum pappa, og járni þar yfir, og með járnþaki á plægðri ¾" borða sið með pappa á milli. Í neðra bitalagi er milligólf. Niðri eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, gangur og 1 fastur skápur, sem alt er þiljað, og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum, Alt málað. Þar eru 2 ofnar og 1 eldavél. Uppi eru 4 íbúðarherbergi, gangur og geymsluklefi, sem alt er þiljað og málað og fylt með marhálm á milli sperra. Kjallari með steinsteypu gólfi er undir öllu húsinu 3 al. á hæð.

Lengd 12 al. br 12 al. had 5¾ al. Hver hl. al. á kr. 417 | 5004,00
2. ofnar 55,00. 2 1/10 1/38 1/32 1 eldavél 60,00. " " | 240,00

b. Við vesturhlið hússins er inngöngu skúr, byggður eins og húsið.

Lengd 3 al. br. 3½ al. had 7¼ al. Hver hl. al. á kr. 81 | 243,00
Kr. 5487,00

16 n. Sigurjón bjesm. Ólafsson & Co. hefur byggt tvílyft hús með 5½ al. ríss, á lóð sinni við Skólavörðustíg nr. 6B.

1068

Hús þetta er byggt af binding, klætt utan með plægðum ¾" borðum pappa, listum og járni þar yfir, og með járnþaki á plægðri ¾" borða sið með pappa á milli. Í neðsta bitalagi er milligólf. Niðri er skrifstofa, 2 gangar og stórt eimiðrúm, sem alt er þiljað, og skrifstofan með striga og pappír á veggjum og lofti, Alt málað en hitt alt olíuborið. Þar er 1 ofn og 1 eimofn. Uppi eru 6 herbergi þiljuð og olíuborin. Þar er 1 ofn. Í þriðja bitalagi er gólf úr plægðum ¾" borðum. Þar er stórt geymslurúm. Kjallari er undir öllu húsinu 2¾ al. á hæð.

Lengd 26 al. br. 14 al. had 10 al. Hver hl. al. á kr. 501 | 13026,00
2 ofnar 1/50 1/35. 1 eimofn 40,00 " " " | 125,00

b. Við austurgafl er skúr, með eldvarnar vegg að austanverðu, að öðru leyti byggður eins og húsið. Lengd 6½ al. br. 14 al. had 8 al. Hver hl. al. á kr. 104 | 13776 ~~13776~~
Kr. ~~14477~~ 13901

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Baldur Þjóðm. Benidyktsson hefur aukið og endurbætt hús eign sína, á lóð sinni við Bergstaðastræti nr.

C. Við austur hlið íbúðarhússins er skúr, byggður af binding, klæddur allur utan með járni á langböndum. Á alla útveggi hans er fylt með marhálm og í honum er 1 íbúðarherbergi, 2 geymsluklefar, hænsnahús og 3 salerni, allt þiljað innan og með timburgólfi. Herbergið málað. Á skúr þessum eru veggsvalir, og kjallari undir.

Lengd 12½ al. br. 6 al. hað 3½ al. Hver hl. al. á kr. 9 1150,00

d. Við suður gafl er andyri byggt af binding, klætt utan með plægðum 1" borðum, og járni þar yfir. Þakið úr tvöföldum gólfborðum með pappa á milli. Á því eru svalir. Gólf úr steinsteypu. Allt þiljað innan. Lengd 3¼ al. br. 8 al. hað 6 al. Hver hl. al. á kr. 144 468,00

c. Við norðaustur horn hússins er útbygging með skúrþaki. Hún er bygð af binding, klædd utan með plægðum 1" borðum, pappa listum og járni þar yfir á 3 vegu – eldvarnarveggur að norðanverðu, og með járnþaki á plægðri 1" borða súð með pappa á milli. Á alla útveggi er fylt með sagi. Niðri eru 3 geymslurúm þiljuð, og 1 uppi líka þiljað. Á hverri er loft og gólf úr plægðum borðum.

Lengd 6½ al. br. 1½ al. hað 8 al. Hver hl. al. á kr. 230 1495,00

Kr. 3113,00

18. Eyólfur Eyóltsson hefur umbætt íbúðarhús sitt á lóð sinni við Vesturgötu nr. 55. Hús þetta er einlyft með bráðnu þaki. Það er bygt úr 3" plönkum, klæddum utan með hanktelltum 1" borðum, pappa og járni þar yfir, og með járnþaki á borða súð með pappa á milli. Niðri eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, sem alt er þiljað, og herbergin með pappa á veggjum og loftum; Allt málað. Þar eru 2 ofnar og 1 eldavél. Þar er enfremur 1 geymsluklefi óþiljaður. Uppi eru 3 íbúðarherbergi, gangur og geymsluklefi; allt þiljað. Herbergin með pappa á veggjum, súð og loftum; Öll máluð. Þar eru 2 eldavélar. Lengd 12 al. br. 10 al. hað 3¾ al. Hver hl. al. á kr. 244 2928,00

2 ofnar 105 35 30. 3 eldavélar 80 26 197,00

b. Við suður hlið er inngöngu skúr, byggður af bending, klæddur utan með borðum, og pappa þar yfir, og með járnþaki á súð.

Lengd 3 al. br. 2 al. hað 3¼ al. Hver hl al á kr. 21 63,00

Kr. 3188,00

19. Ágeir verzlunarm. Gunnlaugsson hefur bygt einlyft hús með 5 al. risi, á lóð sinni við Skólavörðustíg.

1069 Hús þetta er bygt af binding, klætt utan með plægðum 7/4" borðum pappa, listum og járni þar yfir, og með járnþaki á plægðri 7/4" borða súð með pappa á milli. Á alla veggi er fylt með sagi milli þilja, og milli gólf í báðum bitalögum. Niðri eru 3 íbúðarherbergi eldhús og 1 fastur skápur, sem alt er þiljað, og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum, Allt málað. Þar er 1 ofn og 1 eldavél. Uppi eru 2 íbúðarherbergi, gangur og geymsluklefi, sem alt er þiljað, og með striga og pappír á veggjum, súð og loftum, Allt málað. Þar er 1 ofn og 1 eldavél. Á skamhliðum er gólf úr plægðum 7/4" borðum. Kjallari með steinsteypu gólfi og timburgólfi ofan á því er undir öllu húsinu. Hann er 4 al. á hað, og í honum eru 2 íbúðarherbergi eldhús, gangur, geymsluklefi og 1 fastur skápur. Allt þiljað og málað annað en geymsluklefum. Þar eru 2 ofnar og 1 eldavél.

Lengd 12 al. br. 12 al. hað 5¾ al. Hver hl. al. á kr. 504 6048,00

4 ofnar 105 43 34. 2 eldavélar 81 55 352,00

b. Við austurgafl er inngöngu skúr með risi og kjallara. Hann er byggður eins og húsið. Lengd 4½ al. br. 4½ al. hað 5 al. Hver hl. al. á kr. 134 603,00

Kr. 7003,00

20. Árni skipsk. Þórarinsson hefur bygt einlyft hús með 5¼ al. risi á lóð sinni við Skólavörðustíg. Hús þetta er bygt af binding, klætt utan með plægðum 1" borðum, pappa, listum og járni þar yfir, og með járnþaki á plægðri 1" borða súð með pappa á milli. Innan á binding er pappi, og milligólf í báðum bitalögum. Niðri eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og búr, sem alt er þiljað, og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum, Allt málað. Þar eru 2 ofnar og 1 eldavél Uppi eru 3 íbúðarherbergi, gangur og 2 geymsluklefar, sem alt er þiljað, og herbergin með striga og pappír á veggjum, súð og loftum; Allt málað. Þar eru 3 ofnar. Á skamhliðum er plægt 1" borða gólf. Kjallari með steinsteypu gólfi 3¼ al. á hað, er undir öllu húsinu. Hann er holaður í 4 geymslurúm.

Lengd 12 al. br. 12 al. hað 6 al. Hver hl. al. á kr. 462 5544,00

5 ofnar 105 55 38. 1 eldavél 63,00 3307,00

b. Við austurgafl hússins er inngöngu skúr með risi og kjallara ÷ o

Kr. 5879,00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fluttar kr. 5879,00

Hann er byggður eins og húsið.
Lengd 2½ al. br. 4 al. hæð 4½ al. Hver hl. al. á kr. 108 270,00

C. Við norður hlið hússins er annar inngöngu skúr með risi og kjallara. Hann er einnig byggður eins og húsið.
Lengd 3¼ al. br. 3 al. hæð 4½ al. Hver hl. al. á kr. 84 273,00

Kr. 6424,00

21 9. 1073 Jón verzlunarm. Eyvindsson hefur byggt einlyft hús með porti, kvisti og 6¼ al. risi, á lóð sinni við Skrifmannastíg. Hús þetta er byggt af binding, klætt utan með plægðum 1" borðum, pappa, listum og járni þar yfir, og með járnþaki á plægðri 7/8" borða súð, með pappa á milli. Í útveggjum eru milliþil og fyllt með sagi að utanverðu við þau, og milligólf í báðum kitalögum. Niðri eru 4 íbúðar herbergi og gangur, sem alt er þiljað, og með striga og pappír á veggjum og loftum; alt málað. Þar eru 3 ofnar. Uppi eru 5 íbúðar herbergi, gangur og geymsluklefi, sem alt er þiljað, og herbergin með striga og pappír á veggjum, súð og loftum; alt málað. Þar eru 3 ofnar. Á skammhliðum er gólf úr plægðum 5/4" borðum. Kjallari með steinsteypu gólfi er undir öllu húsinu 4 al. á hæð. Í honum er eldhús, búr og gangur með timburgólfi ofan á steinsteypu gólfinu, alt þiljað og málað. Þar er 1 eldavél, þvottahús með vatnshitunarpotti, og 2 geymsluklefar.
Lengd 14 al. br. 13 al. hæð 7 al. Hver hl. al. á kr. 719 10066,00
6 ofnar 1/140 1/80 1/60 1/50 1/55 1/30. 1 eldavél 95,00 1 vatnspottur 65 575,00

b. Við vesturgafl er inngöngu skúr með risi og kjallara. Hann er byggður eins og húsið.
Lengd 3 al. br. 5 al. hæð 5¼ al. Hver hl. al. á kr. 160 480,00

Kr. 11121,00

22 9. 1072 Richard prestur Þorfasón hefur byggt einlyft hús með porti og 5 al. risi, á lóð sinni við Skrifmannastíg. Hús þetta er byggt af binding, klætt utan með plægðum 1" borðum, pappa, listum og járni þar yfir, og með járnþaki á plægðri 1" borða súð, með pappa á milli. Innan á binding er pappi, og milligólf í báðum kitalögum. Niðri eru 3 íbúðar herbergi, eldhús, búr og 1 fastur skápur, sem alt er þiljað, og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum, alt málað. Þar eru 7 ofnar og 1 eldavél. Uppi eru 5 íbúðar herbergi, gangur og 2 fastir skápar, sem alt er þiljað, og herbergin með striga og pappír á veggjum, súð og loftum; alt málað. Þar eru 3 ofnar. Á skammhliðum er gólf úr plægðum 5/4" borðum. Kjallari með steinsteypu gólfi er undir öllu húsinu. Hann er 3¾ al. á hæð, hólfaður í 3 geymsluklefa og þvottahús með vatnshitunarpotti.
Lengd 14 al. br. 12 al. hæð 7½ al. Hver hl. al. á kr. 548 7672,00
5 ofnar 1/120 2/58 2/36. 1 eldavél 65,00 1 vatnspottur 70,00 443,00

b. Við austurgafl er inngöngu skúr með fatageymslu og kjallara. Hann er byggður eins og húsið.
Lengd 3½ al. br. 5 al. hæð 6½ al. Hver hl. al. á kr. 154 539,00

c. Við norður hlið er inngöngu skúr með risi og kjallara. Hann er byggður eins og húsið.
Lengd 3½ al. br. 2½ al. hæð 5 al. Hver hl. al. á kr. 70 245,00

Kr. 8899,00

23 9. 1073 Stefán skóm. Gunnarsón hefur byggt einlyft hús með porti, kvisti og 5 al. risi, á lóð sinni við Miðstræti. Hús þetta er byggt af binding, klætt utan með plægðum 1" borðum, pappa, listum og járni þar yfir, og með járnþaki á plægðri 7/8" borða súð með pappa á milli. Innan á binding er pappi, og milligólf í báðum kitalögum. Niðri eru 5 íbúðar herbergi, eldhús, gangur og 1 fastur skápur, sem alt er þiljað, og herbergin og gangurinn með striga og pappír á veggjum og loftum; alt málað. Þar eru 3 ofnar og 1 eldavél. Uppi eru 6 herbergi, eldhús, gangur og 1 fastur skápur, sem alt er þiljað og með striga og pappír á veggjum og loftum; alt málað. Þar eru 4 ofnar og 1 eldavél. Á skammhliðum er gólf úr plægðum 5/4" borðum. Kjallari með steinsteypu gólfi er undir öllu húsinu. Hann er 3¾ al. á hæð, hólfaður í 6 geymsluklefa og gang.
Lengd 16 al. br. 14 al. hæð 7¼ al. Hver hl. al. á kr. 639 10224,00
7 ofnar 1/110 1/54 2/32 1/38 2/37. 2 eldavélar 1/80 1/75 " " 495,00

b. Við vestur hlið er inn og upp gengu skúr með risi og kjallara. Hann er byggður eins og húsið.
Lengd 4 al. br 4 al. hæð 9 al. Hver hl. al. á kr. 167 668,00

Kr. 11387,00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24/9. Gísli Sveinsson hefur byggt einlyft hús með 3½ al
1074 risi á lóð sinni við Laugaveg 36. B.
Hús þetta er bygt af binding, klætt utan með plægðum 1" borð-
um, pappa, listum og járni þar yfir, og með járnþaki á plægð
1" borða með pappa á milli. Innan á bindingi er pappir, og
milligólf í báðum bitalögum. Niðri eru 3 íbúðar herbergi, eld-
hús, gangur og 2 fastir skápar, sem alt er þiljað, og herbergin
með striga og pappír á veggjum og loftum; Alt málað. Þar
eru 2 ofnar og 1 eldavél. Uppi er þurk og geimslurúm.
Kjallari með steinsteypu gólfi og timburgólfi þar ofan á lítt
undir öllu húsinu. Hann er 4 ál. á hæð, og í honum eru 2
íbúðar herbergi, eldhús og gangur, sem alt er þiljað og málað.
Þar er ofn og 1 eldavél, 2 geimsluklefar.

Lengd 11 ál.	br. 10 ál.	hæð 5 ál.	Hver hl. al. á kr. 342	3762,00
3 ofnar ½	⅓	⅓0. 2 eldavélar ¼	⅓0	218,00

6. Við vesturgafl er inngöngu skúr með risi og kjallara. Hann
er byggður eins og húsið. Hlöðuþak á 1 geimsluklefa auk. þriggja ganga. Lengd 2½ al. br. 4 ál. hæð 4¼ al. Hver hl. al. á kr. 100 250,00

Kr. 4230,00

Kjartan Sigvaldi Björnsson

1076 Ár 1906. heim 16 Octobr. virtum við undirskrifaðir óskuðum
[illegible] Brunabótastjóra P. Petersen
samkvæmt útnefningu bæjarfógetans í Reykjavík Halldór
Daníelssonar, húseign Kaupmanns Sigurðar Björnssonar
við Grettisgötu 38. Hús þetta er byggt af binding klætt
utan með plægðum 1" borðum pappa listum og járni þar yfir
og með járnþaki á plægðri 1" borða þili með pappa á milli.
allir útveggir eru fyltir með torfi og milliveggir í húsinu
leirtaðir með taðfyllingu. Niðri í húsinu eru 3 íbúðar
herbergi eldhús, búr og inngangur sem alt er þiljað
og herbergin með striga og pappir á veggjum og loftum alt
málað. Þar eru 2 ofnar og 1 eldavél. Uppi á lofti
eru 3 íbúðarherbergi, og 4 fastir skápar sem alt er þiljað og
málað. Þar eru 2 ofnar. Kjallari er undir allu húsinu
5 al. á hæð. Í honum er 1 salnkúð með kvistborði kyllum
steyptum og skápum. skrifstofa og 2 geimsluherbergi
alt þiljað og salnkúðin og skrifstofan máluð í skrifstofum
er 1 ofn

Lengd 13 al	br. 12 al	hæð undir þak 5¾ al	Hver hl. al. á 685	8905,00
5 ofnar	⅒	⅖	⅒ 1 eldavél 70 kr.	351,00

6. Við suðurhlið hússins er inngöngu skúr byggður á
sama hátt húsið allur þiljaður innan í honum er gangur og
3 fastir skápar.

Lengd 3¼ al	br. 4 al	hæð 9¾ al	Hver hl. al. á 3 kr.	975,00

Kr. 10231,00

Einar Pálsson Sveinn Jónsson Jón Ólafsson Guðjón Gamalíelsson

Returns

Ár 1906. heim 17 Octobr. voru undirskrifaðir Sveinn Jónsson Jón Ólafsson Brunabótastjórar P. Petersen
á Reykjavík mættir á þessum heimi reglulegu brunabótavirðingarmönnum bæjarins
Herði Bjarnasyni og Einari Pálssyni til þess samkvæmt ósk eigi
síðar nefnda að virða til brunabóta hús eignir Sínar

1076 1/9 Skúli Sigurðsson hefur bygt einlyft hús með 5½ al. risi á lóð
sinni við Grettisgötu nr. 45. Hús þetta er bygt af binding, klætt utan
með plægðum 1" borðum, pappa, listum og járni þar yfir á 3 vegu — eldvarna
— gafl að austan verðu, og með járnþaki á plægðri 1" borða þili með pappa
á milli. Innan á bindingi er pappi og milligólf í báðum bitalögum.
Niðri eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 2 fastir skápar, sem alt
er þiljað, og herbergin með pappa á veggjum en striga og pappir á
loftum; Alt málað. Þar eru 3 ofnar og 1 eldavél. Uppi eru 2 íbúðar-
herbergi, gangur, geimsluklefi og 3 skápar, sem alt er þiljað, og her-
bergin með pappa á veggjum, þili og loftum; Alt málað. Þar eru 2 ofnar.
Kjallari með steinsteypu gólfi og timburgólfi ofan á því er undir öllu
húsinu. Hann er 4 ál. á hæð, og í honum eru 2 íbúðar herbergi, eldhús,
gangur, 2 geimsluklefar, og smíðarúm með járnfóðruðu lofti. Herbergin
og gangurinn er þiljað og málað. Þar er ofn og 1 eldavél.

Lengd 12½ al	br. 12 ál.	hæð 5 al.	Hver hl. al. á kr. 456.	5472,00
6 ofnar	⅙	⅘ 39. 2 eldavélar	⅙	⅓ 374,00

6. Við norðurhlið hússins er inngöngu skúr (grunnskúr) Hann er byggður
eins og húsið. Í honum eru 2 gangar, 2 fastir skápar og 2 salerni.

Lengd 3 ál	br. 3 ál.	hæð 7½ al.	Hver hl. al. á kr. 79	237,00

Kr. 6083

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2 o. y. 1077

Guðmundur Steinum Þorleifsson hefur bygt einlyft hús með 3 ál. ris, á lóð sinni við Njálsgötu 43 B. Hús þetta er bygt af binding, klætt utan með plægðum 1" borðum, pappa, listum og járni þar yfir á 3 vegu, hálfur eldvarnargafl að vestanverðu, og með járnþaki á plægðr 1" borða með pappa á milli. Í útveggi er sumpart fylt með sagi og sumpart er pappa innan á binding, og milligólf í báðum bitalögum. Niðri í húsi þessu eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús og 2 fastir skápar, sem alt er þiljað, og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum; Alt málað. Þar eru 2 ofnar og 2 eldavélar. Á efri hæðum er gólf úr plægðum 1" borðum. Kjallari er undir öllu húsinu 4 ál á hæð. Hann er hálfur með steinsteypu gólfi og timburgólfi ofan á því. Í honum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, 2 gangar og 3 geymsluklefar. Herbergin, eldhúsið og annar gangurinn er þiljað, og einnað herbergið með pappa á veggjum en striga og pappír á lofti; Alt málað. Þar er 1 ofn og 1 eldavél.

Lengd 15 ál.	br. 10 al.	hað 5 al.	Hver hl. al. á kr.	347	5205
3 ofnar	2/50	3/8.	3 eldavélar	3/55	" " "	303,00

b. Við norður hlið hússins er timgöngu skúr, með eldvarnar vegg að norðanverðu, og yfir höfuð bygður eins og húsið; hálfaður í tvent.

Lengd 4 ál.	br 3 ál.	hað 4 ál.	Hver hl. al. á kr.	69	276,00

Kr. 5784,00

3 o. y. 5

Benidikt S. Þórarinsson kaupm. hefur aukið og endurbætt geimsluhús eitt á lóð sinni við Laugaveg. Hús þetta er bygt af binding, klætt utan með kantskeftum borðum á tvo vegu og þaki, en á tvo vegu eru eldvarnarveggir, Niðri er það hólfað í tvent, en uppi ekkert sundurskilið. Kjallari er undir 12 ál af lengdinni og þvert yfir. Hann er 7½ ál á hæð.

Lengd 18 ál.	br. 8 ál.	hað 3¼ af.	Hús 3 ál	Hver hl. al. á kr.	129	2322,00

Kr. 2322,00

4 o. y. 1078

Jakob Árnason hefur bygt tvílyft hús með 4 ál ris, á lóð sinni við Doctorsstíg. Hús þetta er bygt af binding, klætt utan með plægðum 1" borðum, pappa, listum og járni þar yfir, og með járnþaki á plægðri 1" borða með pappa á milli. Í alla útveggi er fylt með sagi, og milligólf í báðum bitalögum. Niðri í húsi þessu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og tveir fastir skápar, sem alt er þiljað. og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum; Alt málað.

Þar eru 2 ofnar og 1 eldavél. Uppi er sama herbergja skipun og allur annar frágangur. Þar er ofn og 1 eldavél. Á efstu hæðum er gólf úr plægðum 1" borðum. Þar er 1 herbergi þiljað, 1 fastur skápur og framloft. Kjallari með steinsteypu gólfi er undir öllu húsinu 2¾ af. á hæð. Í honum eru 2 geimsluklefar og gangur.

Lengd 12 af.	br. 11 ál.	hað 9 ál.	Hver hl. al. á kr.	529	6348,00
3 ofnar	1/70	1/65	1/48.	2 eldavélar 70, hvor	" " "	323,00

b. Við vestur gafl hússins er inn og uppgöngu skúr. Hann er bygður eins og húsið, hólfaður í 4 ganga og 1 fastann skáp.

Lengd 4 ál	br. 7 ál.	hað 8¼ al.	Hver hl. al. á kr.	269	1076,00

Kr. 7747,00

5 o. y. 1079

Klemens landritari Borgfjörð hefur bygt ~~tvílyft~~ hús á lóð sinni við Tjarnargötu. Hús þetta er bygt af binding, klætt utan með plægðum ¾" borðum, pappa og listum, og þar yfir með plægðum 1" borðum, pappa, listum og járni, og með járnþaki á plægðri ¾" borða með pappa á milli. Innan á binding er pappi og milligólf í báðum bitalögum. Niðri í húsinu eru 5 íbúðar herbergi, eldhús, 2 búr, 2 gangar og 1 fastur skápur, sem alt er þiljað og málað. Í herbergin og annar ganginn með striga og pappír á veggjum og loftum, og bjórspanel í einu. Þar eru 3 ofnar og 1 eldavél. Uppi eru 5 íbúðar herbergi, 4 gangar og 3 skápar, sem alt er þiljað. Í herbergin og 1 ganginn með striga og pappír á veggjum og loftum, Alt málað. Þar eru 5 ofnar. Á skammbitum er gólf úr plægðum 1" borðum. Kjallari með steinsteypu gólfi 3¾ al. á hæð, er undir öllu húsinu. Í honum eru 6 geimslurúm, þvottahús með þvottapotti, 2 gangar og salerni. Í húsinu er vatnsleiðsla og Veggsvalir á austur hlið. Húsið er á 13 ál. af lengdinni 18 ál. breitt, 16 ál. á hæð, og rís 3¾ af. Á 8 ál. af lengdinni er það 15 ál. á breidd 8 ál. á hæð og rís 6 ál.

Lengd 21 af.	Meðalbr. 16½ al.	Meðalhæð 9 ál	Hver hl. al. á kr.	865	18165,00
8 ofnar	1/128	1/101	1/70	4/40	1/36.	1 eldavél 80,00. 1 vatnspottur 60,00. Vatnsleiðsla 300	935,00

Kr. 19100,00

6 o. y. 1080

O. Ellingsen bifreiðameistari hefur bygt tvílyft hús með 5 ál. ris, á kvisti á lóð sinni við Skúlagötu. Hús þetta er með veggsvölum á norðurhlið. Það er bygt af binding, klætt utan með plægðum 1" borðum, pappa, listum og járni þar yfir

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og með járnspaki á plægðri 1" borða súð með pappa á milli. Á milli
á útveggi, og skilveggi á neðri hæð er fyllt með sagi, og einnig í þakið, og milli-
gólf í báðum bitalögum. Niðri eru 4 íbúðar herbergi, eldhús, búr,
gangur og 2 fastir skápar, sem alt er þiljað, og herbergin með striga
og pappír á veggjum og loftum; Allt málað. Þar eru 2 ofnar og 1
eldavél. Á öðru gólfi er sama herbergja skipun og sami frágangur.
Þar eru 2 ofnar og 1 eldavél. Á þriðja gólfi eru 4 herbergi og gang-
ur; alt þiljað. hitt í smíðum. Kjallari með steinsteypu gólfi og
timburgólfi ofan á því hálfur, er undir öllu húsinu. Meðalhæðin
á honum er 3¾ al. Á honum eru 2 íbúðar herbergi og eldhús sum
part þiljuð og sum part kalkdregin; Allt málað. Þar er 1 ofn 1 elda-
vél, og vatnshitunarpottur í þvottahúsi.

Lengd 16 al. br. 12½ al. hæð 11½ al. Hver hl. al. á kr. 760 — 1.160,00
5 ofnar 2/140 2/58 1/43. 3 eldavélar 2/90 1/65. Vatnspottur 60,00 — 744,00

b. Við vesturgafl er inn og uppgöngu skúr. Hann er byggður eins
og húsið. Á honum eru 3 gangar, 2 fastir skápar og 3 salerni í
kjallara. Lengd 3½ al. br. 3¼ al. hæð 10 al. Hver hl. al á kr. 236 — 826,00

Kr. 13730,00

7 þ. Guðmundur verzlunarm. Matthíasson hefur aukið og endurbætt
íbúðarhús sitt á lóð sinni við Laugaveg nr. 7. Hús þetta
er byggt af binding, klætt utan með plægðum 5/4" borðum pappa og
járni þar yfir á 3 vegu. Veðurmarveggur að austanverðu, og með
járnspaki á plægðri 5/4" borða súð með pappa á milli. Á alla út-
veggi er fyllt með markhálm. Niðri í húsinu eru 3 íbúðar herbergi,
eldhús, búr og 1 fastur skápur, sem alt er þiljað, og herbergin
með striga og pappír á veggjum og loftum; Allt málað. Þar er
1 ofn og 1 eldavél. Uppi er sama herbergja skipun og annar frá-
gangur. Þar eru 2 ofnar og 1 eldavél. Kjallari með timburgólfi
er undir öllu húsinu. Hann er 3½ al. á hæð. Á honum eru 2 íbúðar-
herbergi þiljuð og máluð, þvottahús með þvottapott, gangur og
2 geymslu klefar. Á herb. er 1 ofn

Lengd 14 al. br. 11 al. hæð 8½ al. Hver hl. al. á kr. 470 — 6580,00
4 ofnar 80 2/40 38. 2 eldavélar 65 50. Vatnspottur 60,00 — 373,00

b. Við vesturgafl er inn og uppgöngu skúr. Hann er byggður eins
og húsið. Lengd 4 al br. 5 al. hæð 8 al. Hver hl. al. á kr. 181 — 724

Kr. 7677

8 þ. Bjarni Bjarnason hefur byggt einlyft hús með 5½ al. risi á
lóð sinni. Kastalagötu. Hús þetta er byggt af binding, klætt utan
með plægðum 1" borðum, pappa, listum og járni þar yfir, og með járn-
spaki á plægðri 1" borða súð með pappa á milli. Innan á binding
er pappi og milligólf í hverjum bitalögum. Niðri eru 3 íbúðar
herbergi, eldhús, gangur og 1 fastur skápur, sem alt er þiljað, og
herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum; Allt málað.
Þar eru 4 ofnar og 1 eldavél. Uppi eru 4 íbúðar herbergi og eldhús,
sem alt er þiljað og málað. Þar eru 4 ofnar og 2 eldavélar. Á skammhlið
er gólf úr plægðum 4" borðum. Kjallari með timburgólfi 3¾ al.
á hæð er undir öllu húsinu. Á honum eru 3 geymslu klefar, gang
ur og smíða rúm, með járnfóðruðu lofti. 2 reykhafar.

Lengd 12½ al br 11½ al hæð 7¼ al. Hver hl. al á kr. 554 — 6648,00
8 ofnar 2/50 3/41 2/31 1/28. 3 eldavélar 1/58 2/46 " " " — 463,00

b. Við norður hlið hússins er inn og uppgöngu skúr (gegnskúr)
Hann er byggður eins og húsið.

Lengd 3½ al br. 5 al hæð 10 al Hver hl. al. á kr. 154. — 539,00

Kr. 7650,00

9 þ. Hafur Þ. Guðmundsson bifsm hefur byggt við byggingu við aust-
urgaflinn á íbúðarhúsi sínu við Laugaveg nr. 7½. Bygging þessi er
með skúrspaki. Hún er byggð af binding, klædd utan með plægðum 1"
borðum, pappa, listum og járni þar yfir, og með járnspaki á plægðri 1"
borða súð með pappa á milli. Innan á binding er pappi, og milli-
gólf í báðum bitalögum. Í byggingu þessari eru 2 íbúðar herbergi,
eldhús, gangur og 1 fastur skápur, sem alt er þiljað, Herbergin og
gangurinn með pappa á veggjum en striga og pappír á loftum;
alt málað. Þar eru 2 ofnar og 1 eldavél. Kjallari með steinsteypu
gólfi er undir allri byggingunni, 4 al á hæð. Á honum eru 2
íbúðarherbergi, gangur og geymsluklefi. Herbergin með timburgólfi
en ganginum með flísa gólfi. Þar er 1 ofn. Á suðurhlið eru
veggsvalir. Lengd 8½ al br. 1¾ al hæð 4¾ al. Hver hl. al. á kr. 378 — 3213,00

3 ofnar 1/59 1/50 1/49. 1 eldavél 59,00 — 217,00

10 þ. Við suðvesturhornið á byggingu þessari er skúr byggður eins og húsið.
Á honum er 1 herbergi þiljað og með pappa á veggjum, en striga
og pappír á lofti, Allt málað. Lengd 5¾ al. br 2 al hæð 5¾ al Hver hl. al á kr. 36 — 207,00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fluttar Kr. 3637,00

c Við suðurhlið hussins er einnig skúr byggður eins og það (grunnskúr) Lengd 2½ al. br. 2½ al. hæð 5¾ al. Hver hl. al. á kr. 54 — 135,00

Kr. 3772,00

10 g. 1082 Sigurður skipstjóri Jónsson hefur byggt tvílyft hús með risi á lóð sinni við Klapparstig. Hús þetta er byggt af binding, klætt utan með plægðum 1" bordum, pappa, listum og járni þar yfir, án lista á þaki. Fyllt í binding með sagspónum og milligólf í öllum bitalögum. Niðri eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 5 fastir skápar, sem allt er þiljað og herbergin og gangurinn með striga og pappír á veggjum og loftum. Allt málað. Þar eru 2 ofnar, 1 strauofn og 1 eldavél. Uppi er sama herbergjatala og sami þágangur og niðri. Þar eru 2 skápar, 3 ofnar og 1 eldavél. Á þriðja lofti eru 3 íbúðarherbergi, gangur og 1 fastur skápur, sem allt er þiljað og málað. Þar eru 3 ofnar.

Lengd 14 al. br. 13 al. hæð 9½ al. Hver hl. al. á kr. 650 — 9100,00

8 ofnar $\frac{1}{52}$ $\frac{2}{30}$ $\frac{2}{45}$ $\frac{2}{33}$ $\frac{1}{32}$. 1 strauofn $\frac{1}{24}$. 2 eldavélar $\frac{2}{75}$. — 514,00

b. Við vesturhlið hussins er inn og uppgönguskúr, sem er byggður eins og húsið, og í honum eru 2 skápar. Lengd 4 al. br. 4 al. hæð 8½ al. Hver hl. al. á kr. 138 — 552,00

c. Á sömu lóð er byggður geymsluskúr með eldvarnarveggi á tvo vegu, en þiljaður á tvo vegu með 5/4" bordum óplægðum pappa og járni þar yfir sem og á þaki. Hann er hólfaður í tvent og í honum eru 2 salerni.

Lengd 12½ al. br. 7 al. hæð 4¼ al. Hver hl. al. á 64,00 — 800,00

Kr. 10966,00

11 g. 1083 Helgi verzlunarm. Helgason hefur bygt einlyft hús með 5½ al. risi á lóð sinni við Skólavörðustig. Hús þetta er bygt af binding, klætt utan með plægðum 1" bordum, pappa, listum og járni þar yfir, og með járnþaki á plægðri 1" borda súð með pappa á milli. Innan á binding er pappi, og milligólf í báðum bitalögum. Niðri í húsinu eru 3 íbúðar herbergi, eldhús, búr og gangur, sem alt er þiljað, og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum; Alt málað. Þar er 1 ofn og 1 eldavjel. Uppi eru 4 íbúðarherbergi, gangur og 5 fastir skápar, sem alt er þiljað, og herbergin öll með striga og pappír; Alt málað. Þar eru 2 ofnar. Kjallari með steinsteypu gólfi er undir öllu húsinu 3⅔ al. á hæð. Í honum eru 3 geimslurúm, gangur, þvotta hús með vatnshitunarpotti, og salerni.

Lengd 11 al. br. 11½ al. hæð 7½ al. Hver hl. al. á kr. 503 — 5533,00

b. Við vesturhlið er inn og uppgöngu skúr með veggsvölum og kjallara. Hann er bygður eins og húsið. 3 ofnar, 1 eldavjel. 1 vatnsp. — 313,00

Lengd 4 al. br. 5 al. hæð 10 al. Hver hl. al. á kr. 209 — 836,00

Kr. 6682,00

12 g. 1084 Lárus prestur Halldórsson hefur bygt einlyft hús með 5¼ al. risi á lóð sinni Melnum. Hús þetta er bygt af binding, klætt utan með plægðum 1" bordum, pappa, listum og járni þar yfir, og með járnþaki á plægðri 1" borda súð, með pappa á milli. Innan á binding er pappi og milligólf í báðum bitalögum. Niðri eru 3 íbúðar herbergi, eldhús, búr og 2 gangar, sem alt er þiljað, og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum, Alt málað. Þar eru 2 ofnar og 1 eldavjel. Uppi eru 4 íbúðar herbergi, gangur og geimsluklefi, sem alt er þiljað og málað, og herbergin og gangurinn með striga og pappír á veggjum súð og loftum. Þar er 1 ofn. Á skambitum er gólf úr plægðum 1" bordum. Kjallari er undir öllu húsinu 3¼ al. á hæð. Í honum er skilveggur úr steyptum steini, að endilöngu.

Lengd 14 al. br. 12 al. hæð 7 al. Hver hl. al. á kr. 513 — 7182,00

3 ofnar $\frac{1}{60}$ $\frac{1}{50}$ $\frac{1}{34}$. 1 eldavjel. 100,00 — 244,00

b. Við vesturgafl er inngöngu skúr með þaksvölum og kjallara. Hann er bygður eins og húsið.

Lengd 3 al. br. 4 al. hæð 5 al. Hver hl. al. á kr. 122 — 366,00

Kr. 7792,00

Þegar þannig er virt eftir § 43, seinni lið, verður niðurkoman þessi:

Til þess að gjöra við byggingunna Lítr. a svo hún verði jafngóð þarf:

I) Timbur fyrir	Kr. 1342.00	
II) Járn viðarhurðir	442.00	
III) Striga, Pappi m. m.	118.00	
IV) Saumur	85.00	
V) Sagspænir í stoðir	45.00	
VI) 36 gluggarúður	30.00	
VII) Málning	350.00	
VIII) 3 ofnar	150.00	
IX) Vinnulaun	1228.00	
alls	Kr. 3790.00	3790.00

Þar frá dragast:

I) Leifar af timbri	Kr. 18.00	
II) Leifar af járni	32.00	50.00

Skaðabótar upphæðin verður þá samkv. § 43, seinni lið Kr. 3740.00 og er það hin reglulega skaðabótar upphæð.

Þess skal getið að virðingarmennirnir hafa við þessa matsgjörð skoðað og vandlega athugað byggingarmáta hússins Lítr. a og fundið að lýsingin af húsinu, sem er í virðingargjörð frá 1 Júlí 1886 er ekki nákvæm að því er snertir múrverk í bindingi (pláturnar) og sem þar er sagt að sjeu innan á bindingi á efri hæð. Bindingurinn er stoppaður með mosa einu og nú er og húsið að engu leyti frábrugðið því sem gjörist.

Húseignin hefir að öðru leyti ekki orðið fyrir neinum þeim breytingum er geti haft áhrif á upphæð skaðabótanna. Þessi matsgjörð sem eigandi að húsinu hefir og samþykkt, var framkvæmd af áðurnefndum virðingarmönnum með skírskotun til áður gefna yfirlýsinga þeirra og öðlast gildi eftir 4 Kl. hinna.

Árni Þorsteinsen. ~~Hjartarson~~ Sigvaldi Bjarnason
Helgi Þórðarsen.

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Yfirlýsing virðingarmanns

Um leið og jeg sámkvæmt ósk herra bankabókara Jens B. Waage, tek að mjer að skoða og meta brunaskemdir þær sem hús hans No. 24 í Þingholtsstræti, Brbur. 967, hefir
967 orðið fyrir við brunann aðfaranótt laugardagsins 22 þ. m. lýsi jeg hjermeð yfir við drengskab minn og lofa að inna matið af hendi eptir beztu þekkingu og vitund, þannig að það verði rjettlátt í alla staði og jeg geti svarið eið að því, ef krafist verður.

Reykjavík 25 janúar 1910
Jónas H. Jónsson

✓

Ár 1910 hinn 25 janúar mætti Á. Thorsteinson J. hönd brunamálastjóra H. Thorsteinson, ásamt öðrum hinna föstu virðingarmanna, H. Hjartarsyni trjesmið, í húseignimni No. 24 í Þingholtsstræti, Brbur. 967, eign herra bankabókara Jens B. Waage, til þess að skoða
967 og virða brunaskemd þá sem húseignin varð fyrir við brunann aðfaranótt h. 22 þ. m. er húsið No. 23 í sömu götu brann. Eigandi tilkynnti brunamálastjóra brunaskaðann með brjefi sínu ~~til brun~~ og hefur notað rjett sinn til að velja annann virðingarmannana, Hr. trjesmið Jónas H. Jónsson, sem var tilstaðar við þessa matsgjörð og hefur undirskrifað hana.

Húseignin, Brbur 967, sem er fyrir vestan húsið No. 23 í Þingholtsstræti, ~~og~~ var virt til brunabóta 19 Sept. 1905 þannig:

a Forhus, Bebaelse	Kr.	11130.00
b --- Indgang	"	972.00
c Baghus Ind og Opgang	"	810.00
	alls Kr.	12912.00

og er í 2 Kl. 1a, hefur orðið fyrir skemdum á austurhlið, þaki og að innan í flestum herbergjunum, þarsem hvað

eftir annað kviknaði í því.

Til þess að gjöra við þessar skemdir þarf:

I) Timbur fyrir	Kr.	115.00
II) Járn ---	"	80.00
III) Pappi utan og innan	"	72.00
IV) 4 glugga karma	"	40.00
V) 54 gluggarúður	"	56.00
VI) Saumur og 4 skrár	"	32.00
VII) 1 ofn	"	40.00
VIII) Málning utan og innan	"	128.00
IX) Vinnulaun	"	378.00
	alls Kr.	941.00, þar frá

dragast brunaleifar: I) Járn fyrir Kr. 15.00
II) Timbur " " 5.00 — 20.00

Upphæð skaðabótanimar verður því alls Kr. 921.00 samkv. §43 í sámþykktinni

Húseignin hefur ekki frá því hún var tekin í brunaábyrgð orðið fyrir neinum þeim breytingum er geti haft áhrif á upphæð skaðabótanimar. Eigandi tjáir sig sámþykkann þessari matsgjörð er framkvæmd var af ofannefndum virðingarmönnum með skúskotum til áður gefura yfirlýsinga þeirra.

Matsgjörðin stóð yfir í 2½ Kl. túna

Árni Thorsteinson ~~H~~ Hjartarson Jónas H. Jónsson Jens Waage.

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Yfirlýsing virðingarmanns.

Um leið og jeg samkvæmt ósk hr. Professors B. M. Ólsen, sem er umsjónarmaður húseignar Spítalafjelagsins í Reykjavík, tek að mjer að skoða og meta brunaskaða þann, sem húseign fjelagsins við þingholtsstræti, Brbur. 261, hefir orðið fyrir
261 við brunann aðfaranótt laugardags 22 þ. mán., lýsi jeg hjermeð yfir við drengskap minn og lofa að inna matið af hendi eptir beytu þekkingu og vitund, þannig að það verði rjettlátt í alla staði og jeg geti svarið eið að þvi, ef krafist verður.

Reykjavík 25 Janúar 1910.

Pjetur Ingimundarson

Ár 1910 hinn 25 Janúar mætti Á. Thorsteinsson J. hönd brunamálastjóra H. Thorsteinsson ásamt ödrum hinna fóstu virðingarmanna, Sigvalda Bjarnasyni trjesmið, í húseignimi við þingholtsstræti 25, Brbur 261,
261 sem er eign Spítalafjelagsins í Reykjavík, til þess að skoða og virða brunaskemd þá sem húseignin varð fyrir við brunann, aðfaranótt h. 22 þ. mán., þegar húsið No 23 við sömu götu brann. Professor B. M. Ólsen, sem er umsjónarmaður með húseignimi fyrir eigenda hönd, tilkynnti brunamálastjóra brunaskemdirnar samdægurs og hefur hann óskað að velja annan virðingarmannanna og til þess kjörið hr. trjesmið Pjetur Ingimundarson og var hann viðstaddur við virðingargjörðina og hefur undirskrifað hana.

Þessi húseign, sem er Brbur 261, liggur fyrir sunnan húsið sem brann og er virt til brunabóta 27 Jan 1885 á samtals Kr. 17703.00 er í 2 Kl. 1a, nefnilega

a Forhus, Sjúkrahús Kr 17001.00
b Baghus, líkhús " 702.00
17703.00 og hefur Litr. a

~~hefur~~ orðið fyrir skemdum á norðurgafli, sprungið rúður, og eydilagst bordaklæðning, málning, pappi o-fl.

Til þess að gjöra við þessar skemdir þarf:

I) Timbur fyrir Kr. 162.00
II) Pappi " " " 35.00
III) 4 gluggaumgjörðir " 25.00
IV) 25 Rúður 16.00
V) Saumur og Farvi 50.00
VI) Vinnulaun 122.00

Kr. 410.00 þar frá dragast brunaleifar af timbri fyrir " 15

Upphæð skaðabótarinnar verður þá alls Kr. 395.00 samkv. § 43 í samþykktinni.

Húseignin hefur ekki frá þvi hún var tekin í brunaábyrgð orðið fyrir neinum þeim breytingum er geti haft áhrif á upphæð skaðabótarinnar. Hr. Professor B. M. Ólsen tjáir sig samþykkan þessari matsgjörð, sem var framkvæmd af ofannefndum virðingarmönnum með skírskotun til áður gefura yfirlýsinga þeirra.

Matsgjörðin stóð yfir í 3 Kl. tíma.

Árni Thorsteinsson. Sigvaldi Bjarnasyn Pjetur Ingimundarson
Björn M. Ólsen.

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Conf. 1136

Ár 1910 hinn 1 Febrúar mætti Á. Thorsteinson fyrir hönd Brunamálastjóra St. Thorsteinson ásamt hinum fóðtu virðingarmönnum hjeraðsins St. Stjarnarsyni og Sigvalda Bjarnasyni, til þess eptir beiðni að virða til Brunabóta eptirfarandi hús:

Sigurður Eiríksson, reglubóti hefur á lóð sinni við Grettisgötu 59 B, Brbnr. 1136, byggt geymsluskúr af timbri, kl. utan á tvo vegu súmpart með liðlausum borðum en súmpart með rimlum; eldhúsarveggir að sunnan og vestan, og með járnþaki á þjettri borðasúð. Steinolíuþýðsla, 2/3 klæddum hana. Hann er hólfaður í tvennt. L 10½ al, br 4 al, h 3¼ al. Hver klæðn. al. á Kr. 34.00 357.00

Kr. 357.00

Árni Thorsteinson Stjarnarson Sigv. Bjarnarsyn

Sigurður Eiríksson

Ár 1910 hinn 13 Marts mætti Á. Thorsteinson f. hönd Brunamálastjóra St. Thorsteinson ásamt hinum fóðtu virðingarmönnum til þess, eptir beiðni Kr. Jens B. Waage, sem er eigandi húseignarinnar Nr. 24 við Þingholtsstræti, Brbnr. 967 að skoða viðbyggingu á brunaákvæmd þeirri sem eignin varð fyrir við brunann aðfaranótt hins 22 janúar þ. á. Er nú allt komið í það gott lag og það var fyrir brunann og áleitum vér að til þess hafi verið varið það sem síðar upphæð skaðabótanna Kr. 92 i.00

967

Árni Thorsteinson Stjarnarson Sigvaldi Bjarnarsyn

Ár 1910 hinn 20 Maí mætti Á. Thorsteinson f. hönd brunamálastjóra St. Thorsteinson, ásamt fóðtum hinum virðingarmönnum, hjeraðsbúunum St. Stjarnarsyni og Sigvalda Bjarnasyni, við húseignina Sandagerði Brbnr 989, sem var eign hr. Gísla Einarssonar til þess eptir beiðni Hr. Þorleifs Guðmundssonar, sem sagðist vilja eignast (hefur eptir tilkynnt eignaskipti með því að sínu leyti verður sömu til samninganna á milli seljanda og afsalsh. eptir kaupsamningnum) að skoða og virða brunaleifar eptir húseignina, sem brann um kvöldið þ. 15 þ. mán., og var brunin tilkynntur brunamálastjóranum með bréfi frá Hr. Þorleifi Guðmundssyni, dags þ. 18 þ. mán., og hefur hann þráfaldlega sjálfur beðið sínum til að velja annan virðingarmann. Brunin orsakaðist við að steinolíuvél hafði oltið um koll og haldið að kveikur sem var í henni hafi gjört það. Húseignin sem var tekin í brunaábyrgð þ. 30 Oktober 1905 var virt þannig

Lit a. Fertn Kr 6183.00
" b " " 80.00
" c " " 740.00
Kr. 7003.00 og voru allar 7003.00
byggingarnar í 2 kl. 1/2.

Ell þessi hús: Lits. a, b og c eru gjörsamlega brunnin niður og er ekkert eptir nema grunnarnir nokkuð skemmdir og brunaleifar nokkuð af járni og múrsteini og verður það virt þannig:

I) Grunnar á Kr. 236.00
II) Leifar af járni " 40.00
III) " af múrsteini " 14.00
allt Kr. 290.00 290.00

og verður þá upphæð skaðabótanna, samk. §42 í samþ. allt Kr. 6713.00

Húseignin hefur ekki frá því hún var tekin

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20/3 1910

í Brunaábyrgd ordid Fyrir neinum Ibeim breytingum er geti haft áhrif á upphád skadabótarinnar. Jessi matsgjörd sem var framkvæmd af ofannefndum virdingarmönnum med skírskotun til áts um gefnra upplýsinga Jeirra stód ofti 1½ tíma.

Hjörtur Hjartarson Sigv. Bjarnason
Þórir Thorsteinsson
Samþykkur nidurstadi eigandi húseignar
Jón Gudmundsson

Ár 1910 þann 20 Marz mætti Þ. Thorsteinson f. hónd Brunamálastjóra H. Thorsteinson ásamt Þórdi þínum Jóstu virdingarmönnum til Jess ofttr beidni Hr. professors B. M. Ólsen, sem er um sjónarmatid sjúkrasamlagsins eignarinnar við Jingholtsstræti, Brtnr 261, ad skoda vidgjördina á brunaskemd Jeirri sem húseignin var Jyrir vid Brunann f. 22 janúar f. ár. Er nú allt komid í jafn gott lag og Jad var Jyrir Brunann og áttum vid ad til Jess hafi verid varid Jví sem svarar upphæd skadabótarinnar Kr. 395.00.

Þórir Thorsteinson Hjörtur Hjartarson Sigv. Bjarnason

Ár 1910, þann 9 apríl mætti Þórir Thorsteinson f. hónd Brunamálastjóra H. Thorsteinson ásamt Þórdi þínum Jóstu virdingarmönnum Hjesmidunum H. Hjartarsyni og Sigvalda Bjarnasyni, í húseign Hr. Thor Jensens við Túngötu Brtnr.

1172 til Jess ad skoda og virda brunaskemd á húseignin var Jyrir um Kvöldid 2 f. máu., og var hún tilkynnt brunamálastjórninni med bréfi frá eigandanum 4 f. máu. Eigandinn Hr. Thor Jensen hefur Jrátfallid rétti sínum til ad velja annan af virdingarmönnunum. Húseignin var sídast virt til brunabóta f. 29 September 1908 á samtals Kr. 94.486 og er í 2 fl. 1 fl. Brunaskemmdin hefur ordid í húsinu Litt. a, sem er virt á Kr. 79.437.00 og er brunaskemdin í Jví fólgin ad bónad Parquetgólf í einu af herbergjunum tidri í húsinu hefur skemmst sumstadar mikid af hita og vatni, ad vid áttum Jad ekki svara kostnadi ad gjöra vid Jad og naumast mögulegt ad Já Jad jafngott öðruvísi en med Jví ad leggja nýtt gólf. Brunaskemmd Jessi var vid Jad, ad Kirknad hafdi í loftinu í einu af Kjallaraherbergjunum frá steinolíulampa, sem var Jar hengdur upp undir loftid; yfir lampanum var blikkplata en var ofnálægt loftinu og hafdi hitnad svo ad hún varð gloandi. Eldurinn varð slökktur af húsfólkinu.

Til Jess ad bæta skadann Jarf:
I) Nýtt Parquetgólf (Materiale) Kr. 1000.00
II) Vinnulaun " 200.00
Kr. 1200.00
Jar Já dregst leyfar af skemmda gólfinu " 150.00
Upphæd skadabótarinnar verdur Já alls Kr. 1050.00
samkv. §43 í samþykktinni.
Húseignin hefur ekki Já Já hún var tekin í brunaábyrgd ordid Jyrir neinum Jeim breytingum er geti haft áhrif á upphæd skadabótarinnar. Jessi matsgjörd sem var framkvæmd

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af ofannefndum virðingarmönnum með öku-
skoðun til áður gefnra upplýsinga þeirra stóð
í 1½ húsi.
Árni Þorsteinsson. Hjörtur Hjartarson. Sigv. Bjarnason

Ár 1910 hinn 17 apríl mætti: Á. Þorsteinsson f. hönd
brunamálastjóra St. Þorsteinsson ásamt hinum löglu
virðingarmönnum í húseigninni Nr. 20 við Frakkastíg
Brbr. 975 til þess eftir beiðni eigandans, hr. Árna
Zakaríassonar, að skoða viðgjörðina á brunaskemd
þeirri sem húseignin varð fyrir við brunann þ.
22 janúar þ. á. Brunaskemdin var virt þ. 24 jan.
þ. á. á samtals Kr. 111.00. Er nú búið að setja allt
í jafn gott lag og það var áður og að fullu gert
báðir verið varið Kr. 87.00 í þegar virðingargjörð.
sú sem fram þ. 24 janúar mældi skyldi nú
einum ofninum í húsinu og var hann þá á-
litinn eyðilagður og sá skaði metinn á 37 Kr.
skyldi vátrygð. sem vátrygð. Jafnast síðan og er nú ofninn settur
upp og áður vel kostnaðinn við það 10 Kr.,
og að því beri að draga 27 Kr. frá skaða-
bótar upphæðinni, Kr. 111.00 og verða þá eftir
Kr. 84.00 sem verður hin rétta skaðabóta-
upphæð.
Árni Þorsteinsson. Hjörtur Hjartarson. Sigvaldi Bjarnason

30/4 10

Ár 1910 hinn 30 apríl mætti Á. Þorsteinsson,
f. hönd brunamálastjóra St. Þorsteinsson ásamt
hinum löglu virðingarmönnum til þess eptir
beiðni að virða til brunabóta eptirfarandi hús-
eignir:

1. Jóhann Kaupmaður Jóhannesson hefur á
lóð sinni við Laugaveg № 19, Brbr. 329 nýtt
nitján Geymsluhúsin Lit. C, sem var virt á
Kr. 480.00 + 264.00 og byggt í þess stað kirkjugeymslu-
hús úr timbri m. 1½ al. víðri; húsið er klætt
utan m. 1" borðum, pappa og járni þar yfir á 3
vegu og þaki, eldvarnarhlið að austanverðu.
Á suðurgafli er pappi innan á timbri.
Niðri í húsinu eru 2 herbergi þiljuð og mál-
uð; sömuleiðis úppi. Í hvorum herbergjunum
eru hyllur og í einu herbergi skápar og hyllur.
Lengd 12 al., br 9 al., h 9 al. Hver klæp. al. á Kr. 252.00 3024.00
Kr. 3024.00

2. Sigurbjörn Þorkelsson veitingamaður
hefur á lóð sinni við Njálsgötu 44 byggt ein-
lyft íbúðarhús m 4¾ al. víðri. Húsið er byggt
af timbri, kl. ut. m. pl 1" borðum p. l. og járni
þar yfir á þaki og veggjum. Innan á timbri
er pappi og listar og milliþil í nedra bitalagi.
Niðri í húsinu eru 3 herbergi, eldhús og í gangi
skápur, allt þiljað og herbergin með striga og
pappír á veggj. og loptum, allt málað. Þar eru
2 ofnar og í eldavjel. Uppi er í herbergi þiljað
m. striga og pappír á veggj. og lopti, allt málað. Þar
er í ofn. Þar eru og 2 skápar. Í kjallari 3 álnir á hæð
með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu, hálfa-
ur í kvennt. - 3 ofnar: 2/40. 1/70. 1 eldavjel á 60 Kr. 210.00
Lengd 10 al., br 10 al., h 5 al. Hver klæp. alin á Kr. 337.00 3370.00
Við austurgaf er inngöngustúka m. víðri og kjallara.
Flyt Kr. 3580.00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt Kr. 3580.00

Byggður einn og hálfur.
Lengd 2½ al., br 3½, h 4 al. Hver hlaup. al. á Kr. 82.00 — 205

Kr. 3785.00

30 V 1887 — Samúel Björnitrún Jónsson hefur nú byggt upp aptur hús eitt við Skólavörðustíg № 35, Brbrs 1187 sem brann gjörsamlega hinn 11 April 1909.
Húsið er kálfyrt með kvisti og 5¾ al. ríss. Byggt af binding. Kl. utan m. gl. í 11 rúmum, pappa lístum og járni þar yfir á þaki og veggjum. Í Binding og innan á binding er pappír og milligólf í öllum útalögum. Niðri eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, allt þiljað og með ofnum og pappír á vegg. og loptum, allt málað. Þar er 1 ofn. Á öðru gólfi eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og 2 skápar allt þiljað og herbergin með striga og pappír á veggjum og loptum, allt málað. Á þriðja gólfi eru 2 herbergi, eldhús, gángur, geymsluklefi og 3 skápar, allt þiljað og málað. Þar er 1 eldavél og 2 ofnar. Kjallari 3¼ al á hæð er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi. Í honum eru 2 steinofnrúm — ~~hvert pláss~~ 12 al. ~~eptir~~ álnir á lengd. Í kjallaranum eru þvottahús með vatnspalli, kjötmiðaverkstæði með járnsoðnum lofti og 1 líkofn, 1 herbergi, 2 gángar og 2 geymslurúm.
Allir steinveggir í kjallaranum eru kalkdegnir.
Vatnsleiðslupípur eru um allt húsið.
Lengd 12½ al., br. 12¼ al., h. 10 al. Hver hlaup. al. á Kr. 2.98 — 99.75.00
3 ofnar: 1/40, 1/37, 1/28. 1 eldavél 48 Kr. 1 vatnspallur 55 Kr. — 308.00
1 líkofn 45 Kr. — 45.00

Við vesturgafl hússins er útbyggður inngangur með kjallara, veggsvölum og þaksvölum, sama byggingarlag og á húsinu
Lengd 4 al., br 5¼ al., h 10 al. Hver hlaup. al. á Kr. 3.05 — 1220.00
Við norðurhlið hússins er einlyft útbygging með þaksvölum og kjallara, byggð eins og húsið. Þar eru 3 íbúðarherbergi.

Flyt Kr. 11548.00

Flutt Kr. 11548.00

eldhús, gángur og 2 skápar, allt þiljað og herbergin með striga og pappír á vegg. og loptum, allt málað. Þar er 1 ofn og 1 eldavél. Kjallari 3¼ al á hæð er undir allri útbyggingunni; í honum er steinsteypugólf og 2 steinofnrúm — 12 al. og 11 álnir á lengd. Þar eru 3 geymslurúm og gángur.
Allir steinveggir eru þar kalkdegnir. 1 ofn 82 Kr. 1 eldavél 75 } — 157.00
Lengd 12 al., br. 11 al., h 5½ al. Hver hlaup. al. á Kr. 3.93 — 47.16.00
Ofan á þessari útbyggingu er inngangsútbygð byggð eins og húsið
Lengd 4 al., br 2 al., h 3½ al. Hver hlaup. al. á Kr. 27.00 — 108.00

Kr. 16529.00

Hjörtur Hjartarson — Sigvaldi Bjarnason
Árni Árnason.
Sigurbjörn Þorkelsson — Samúel Jónsson — Jóhannes Jóhannesson

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7/5 1910

Ár 1910 hinn 7 Mai mætti Á. Thorsteinsson f. hönd brunamálastjóra H. Thorsteinsson ásamt hinum föstu virðingarmönnum til þess eptir beiðni að virða til brunabóta eptirfarandi húseign:

Th. Thorsteinsson Kaupmaður hefur aukið og endurbætt húseign sína á Kirkjusandi, húsið sem er Litra d. í Brbur. 580. Það er byggt af binding, Kl. ut. m. plægðum borðum, pappa og listum og með járnþaki á borða súð. Nidri eru 2 herbergi og gángur, allt þiljað og málað. Þar er 1 ofn. Uppi er geymsluloft.

580.

Lengd 25½ al., br. 6 al., h 3½. Hver hlaup. al. á Kr. 60.00	1530.00
1 ofn 70 Kr.	70.00

Við norðurhlið þessa húss er byggður skúr af binding, Kl. ut. pl. 1" borðum pappa og listum og með járnþaki á pl. 1" borða súð. Innan á binding er papp. Í honum er 1 herbergi og eldhús, allt þiljað og málað. Þar er 1 ofn og 1 eldavjel.

Lengd 10½ al., br. 6⅓ al., h 4½. Hver hlaup. al. á Kr. 70.00	735.00
1 ofn á 46 Kr. 1 eldavjel á 85 Kr.	131.00
Kr.	2466.00

Hjartarson Sigvaldi Bjarnason
Árni Thorsteinsson.
Th. Thorsteinsson

14/5 1910

Ár 1910 hinn 14 mai mætti Á. Thorsteinsson f. hönd brunamálastjóra H. Thorsteinsson ásamt hinum föstu virðingarmönnum til þess eptir beiðni að virða til brunabóta eptirfarandi húseign:

Gudmundur Einarsson hefur á lóð sinni við hornið á Framnesveg og Vesturgötu byggt einlyft íbúðarhús m. 3 al. risi. Húsið er byggt af binding, Kl. ut. m. pl. 1" borðum, p. l. og járni þar yfir á 3 vegu og þaki; eldvarnargafl að suðvestanverðu. Í útveggi er fyllt með sagspónum og milligólf í neðra bitalagi. Nidri eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gángur og 2 fastir skápar, allt þiljað og herbergin með striga og papp. á veggj. og loptum, allt málað. Þar eru 2 ofnar og 1 eldavjel. Á efri bitum er gólf úr pl. 5/4" borðum og afþiljað port til beggja hliða. Kjallari, 3 ál. á hæð, er undir öllu húsinu; í honum er þvottahús með vatnspott, 2 geymsluklefar, gángur og salerni.

1235.

Lengd 11½ al., br 10½; h 5 al. Hver hlaup. al. Kr. 328.00	3772.00
2 ofnar: 1/62, 1/30 1 eldavjel 73 Kr. 1 vatnspottur 60 Kr.	225.00
Kr.	3997.00

Hjartarson Sigv. Bjarnason
Árni Thorsteinsson.

Gudmundur Einarsson

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22/5 '10 & 28/5 1910

Hinn 22 Mai 1910 mætti Á. Thorsteinsson, J. hönd brunamálastjóra H. Thorsteinsson ásamt hinum föstu virðingarmönnum til þess eftir beiðni að virða til brunabóta eptirfarandi húseign:

203. Sigurður bókseli Kristjánsson hefur á lóð sinni við Bankastræti No 3, norðanvert við íbúðarhúsið, Brbur 203, byggt einlypt geymsluhús með skúrþaki. Húsið er byggt af steini og með járnþaki á pl. 5/4" borða súð. Í húsinu er steinsteypugólf og allir veggir kalkdregnir að innan.

Lengd 16 al., br 7 al., h 5 al. Hver hlaup. al. á Kr. 147.00 — 2352.00

Milli skúrsins og íbúðarhússins er gángur að öllu leyti eins byggður og skúrinn.

L 9 1/4 al., br 4 al., h 4 1/2 al. Hver hlaup. al. á Kr. 72.00 — 666.00

Kr. 3018.00

Hjartarson Sigv. Bjarnason

Árni Thorsteinsson.

Sigurður Kristjánsson

Ár 1910 hinn 28 mai mætti Á. Thorsteinsson J. hönd brunamálastjóra H. Thorsteinsson ásamt hinum föstu virðingarmönnum til þess eptir beiðni að virða til brunabóta eptirfarandi húseignir:

1º Jón bókbindari Thorsteinsson hefur endurbætt húseign sína á Grímsstaðaholti, Brbur. 315

315. Húsið er byggt af binding, kl. ut. m. pl 1" bordum pappa og járni á suður- og vesturhlið en á norður og austurhlið með pl 5/4" bordum. Húsið er með járnþaki á skarsúð. Í útveggi er fyllt með mosa.

Nidri eru 3 herbergi, eldhús, 1 fastur skápur og gángur, allt þiljað; 2 herbergin með pappa á veggjum og loptum, allt málað. Þar eru 1 ofn og 2 eldavjelar. Uppi eru 2 herbergi þiljuð og máluð, annað þeirra með pappa á veggj. og lofti og 2 geymsluherbergi þiljuð. Þar eru

2 eldavjelar: 1/50 1/25 2 ofnar: 1/40 1/30 — 145.00

1 ofn og 1 eldavjel. Rishæð hussins er 3 1/2 alin.

Lengd 10 al., br 9 al., h 5 1/4 al., hver hlaup. alin á Kr. 236.00 — 2360.00

Við norðurhlið er inngönguskúr byggður eins og húsið.

Lengd 3 al., br 2 al., h 4 1/4 al. Hver hlaup. alin á Kr. 28.00 — 84.00

Kr. 2589.00

2º Erfingjar ekkjufrúar Marenar Lárusdóttur hafa endurbætt húseign sína við Vesturgötu No 15, Brbur. 77. Húsið er byggt af binding, kl. ut. m. 5/4" bordum, p. l. og járni þar yfir á 3 vegu, listaklæðning á vesturgafl og með járnþaki á 5/4" borðasúð að norðan verðu en þakhellu að sunnan verðu. Í útveggi er múrað í binding. Nidri eru 4

77. íbúðarherbergi, 2 eldhús, búr, 2 gángar og 1 skápur, allt þiljað og herbergin með striga og pappír á veggjum, allt málað. Þar eru 3 ofnar og 2 eldavjelar. Uppi eru 2 herbergi þiljuð og máluð og í þeim tveir ofnar. Þar er og framlopt. Í húsinu eru 2 reykháfar. Rishæðin er 4 1/2 alin.

Lengd 19 al., br 9 al., h 4 al. Hver hlaup. alin á Kr. 182 — 3458.00

5 ofnar: 3/50 1/35 1/25 2 eldavjelar: 1/60 1/50 — 320.00

Við suðurhlið er inngönguskúr, klæddur með 5/4" bordum og járni á þaki og veggjum.

Lengd 3 al., br 3 al., h 3 1/4. Hver hlaup. al. á Kr. 32 — 96.00

Fyrir sunnan húsið á sömu lóð er einlypt geymsluhús með skúrþaki, byggt af binding, klætt utan m. kantsettum 5/4" bordum og pappa og listum á veggjum og með járnþaki á 5/4" borða súð. Það er með timburgólfi og hólfað í tvennt.

Lengd 6 al., br 4 al., h 4 1/4 al. Hver hlaup. al. á Kr. 34 — 204.00

Kr. 4078.00

3º Jóhannes trjesmiður Lárusson hefur breytt smíðahúsi sínu, Skólavörðustíg No 4 C, Brbur 863 í íbúðarhús.

863 Húsið er einlypt með tveimur kvistgluggum og 5 al. risi, byggt af binding, kl. ut. m. pl 1" bordum á tvo vegu og með pappa, listum og járni þar yfir, eldvarnarhliðar að

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sumar og vestanverðu og með járnspaki á gpl 1" borðasúð með pappa á milli. Innveggi er fyllt með sagspónum og milligólf í báðum bitalögum. Niðri eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt þiljað og með pappa á veggjum en striga og pappír á loftum, allt málað. Þar eru 1 ofn. Uppi eru 2 herbergi, eldhús og gangur, allt þiljað og allir þrígangar sámi og niðri. Þar eru 2 ofnar og 1 eldavél. Undir öllu húsinu er kjallari með steinsteypugólfi 2¾ al á hæð; í honum eru tvö kolahús með vatnssalti, 2 geymslurúm og gangur. 3 ofnar 2/37 1/45. 1 eldavél 45,- 164,00

Lengd 10½, br 10, h 6½ al. Alver hlaup. al. á Kr. 400 4200,00

Kr. 4364,00

4/6 Hjálmar Þorsteinsson hefur á lóð sinni við Vatnsstíg byggt einlyft hús með ½ kj. undir. Húsið er byggt af steinsteypu og með járnspaki á gpl 1" borðasúð með pappa á milli. Niðri í húsinu eru 3 íbúðarherbergi og eldhús. Uppi er 1 herbergi þiljað og framloft. Milligólf er í báðum bitalögum. Allt er húsið enn ósmíðað. Kjallari ½ al á hæð er undir öllu húsinu, í honum hálfum er steinsteypugólf og hann er hólfaður í 3 rúm og gang.

Lengd 11 al., br 11 al., h 5 al. Alver hlaup. al. á Kr. 297 3267,00

Við austurgafl hússins er inngöngugeymsla byggð einn og húsið og enn ósmíðuð.

Lengd 2½ al., br 4½ al., h 5 al. Alver hlaup. al. á Kr. 96 216,00

Kr. 3483,00

Þjarbarson Sigv. Bjarnason
Árni Þorsteinsson.
Hjálmar Þorsteinsson.
Jóhannes Jónsson
Jón Þorsteinsson
Katrín Jóhannesdatter

4/6 1910

Ár 1910 hinn 4 Júní mætti Á. Þorsteinsson f. hrepp Brunamálastjóra H. Þorsteinsson áeamt hinum fyrir tilnefningarnefndum til þess eftir beiðni að virða til Brunabóta eptirfarandi húseign:

Jónatan Þorsteinsson söðlasmiður hefur á lóð sinni við Vatnsstíg Nr. 3 (Brunab. 864) byggt einlyft hús með óinnþaki á bakhúsinu. Húsið er byggt af steinsteypu með járnspaki á gpl 1" borða súð með pappa á milli. Þjöl eru hús smíðarnum og klefi fyrir mótor. Millivegir eru steypti og steypugólf í þeim öllu og linoleumgólf ofan á helming steypugólfsins. Neðan á alla súðina er klætt með Cokolithplötum. Þar er 1 þurkofn.

L 21 alin, br 13½ al., h 5¼ al. Alver hlaup. al. Kr. 186.00 3906.00

1 Gasmotor með öxulleiðningum Kr. 2100.00
1 Bandsög 800 Kr. Hefli og borunarvjel 2200 Kr.
1 Rennibekkur 350 Kr. 1 Slípivjel 250 Kr. } 5700.00

1 þurkofn 140 Kr. 140.00

Kr. 9746.00

Þjarbarson Sigv. Bjarnason
Árni Þorsteinsson.
Jónatan Þorsteinsson

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11/6 1910

Ár 1910 þann 11 Júní mætti H. Þorsteinsson, sem skipaður hafði verið brunamálastjóri í fjarveru brunamálastjóra H. Þorsteinssonar ásamt þeim Jósti virðingar-mönnum til þess eptir beiðni að virða til brunabóta eptirfarandi húseignir:

1. Ekkjufrú Elína Sveinsson hefir aukið og endurbætt húseign sína við Vesturgötu 19, Brbm. 79. Húsið er byggt af timbri, Kl. m. gpl 5/4" borðum gþ. l. og járnþaki á 5/4" borða súð með járnþaki að sunnanverðu og pappa undir þeim en með skífu að norðanverðu. Á norðurhlið er Kirstín. Húsið er kjallaralaust að sunnanverðu og múrað í timbri með kraunhellu á allri hæðinni og á gaflinum og kvistinum, sem múrleiddir eru kvistirnir. Niðri í húsinu eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, búr, þvottahús með vatnspotti, 2 forstofur, 3 fatask skápar og í kjallara. Allir veggir eru forkallaðir og með veggjapappír, gipsloft í 3 herbergjum en spjaldaloft í 3m. Þar eru 3 ofnar, í eldavél og í vatnspottinum. Uppi eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, geymsluherbergi 2, 2 gangar og 7 skápar, allt þiljað og herbergin með striga og pappír á veggj. og loftum að sunnanverðu; en herbergin að norðanverðu forkölluð og með veggjapappír. Þar eru 2 ofnar, í eldavél og í stofuofni og annar ofn minni en hinir. Á skammbitum er gólf. Kjallari 3 al. á hæð er undir 5 álnum af lengd hússins; hann er með steinsteypugólfi. Ris hæð 6½ alin Lengd 39½ al, br 13¼. Vegghæð að sunnan 9½ en að norðan 5 al.

Hver klafn. al. á Kr. 594 — 17503.00

6 ofnar: 3/95. 1/105. 2/65 — 2 eldavélar á 80 Kr. hvor — 1 stofuofn 30. — 690.00

1 vatnspottur 80 Kr.

Flyst Kr. 18193.00

Flutt Kr. 18193.00

Sunnan og vestan við húsið er einlyptt geymsluhús með þaki og risi, byggt af timbri, Kl. eik. m. gpl. 5/4" borðum og á 2 vegu þar yfir með járni, á því er er þak af járni á 5/4" borða súð. Í því er loft og gólf úr timbri; þar eru 3 geymsluklefar og 4 kompur. Ris hæð hússins er 2 álnir. Lengd 15¾ al., br 8 al., h 5 al. Hver klafn. al á Kr. 104.00 — 1638.00

Kr. 19831.00

2. Sigurður Hermann Jónsson hefir aukið húseign sína við Laufásveg № 35, Brbm 955, með því að byggja við sitt íbúðarhús eitt að austanverðu einlyptan útbyggingu með skúrþaki. Húsið er byggt af timbri, Kl. ut m. gpl 1" borðum gþ. l. og járni þar yfir á 3 hliðum og þaki. Innan á timbri er pappi. Niðri er í herbergi þiljað og m. olr. og pappír á veggj. og lopti, allt málað. Uppi er sömuleiðis í herbergi með sama fyrirkomulagi. Miðstöð er í báðum húsunum. Lengd 7¼ al., br 5⅓ al., h 10½ al. Hver klafn. al á Kr. 200 — 1450.00

Kr. 1450.00

3. Matthías Kaupmaður Matthíasson og David Þorvaldsson eigandi Þórshúsa hafa endurbætt húseign sína № 17 við Austurstræti, Brbm 321, Lit. a, b og c. Íbúðarhúsið, Lit. a er einlyptt með þaki og 4 al risi, b. af gjálofum, Kl. ut. m. gpl 5/4" borðum og með járnþaki á gpl. 5/4" borða súð. Niðri eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og 2 gangar, allt þiljað, herbergin m. olr. og pappír á veggj. og loftum, allt málað. Þar eru 3 ofnar og í eldavél. Uppi eru 4 íbúðarherbergi, 3 skápar, 2 gangar og 2 geymsluherbergi, allt þiljað og herbergin m. olr. og pappír, allt málað. Þar eru 2 ofnar. Kjallari er undir húsinu

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

321. 5 x 4 3/4 al, hæð hans er 2 1/2 al.
Í húsi þessu hefur áður verið Brauðgerðarofn og bakarí en er það ekki lengur og ofninn tekinn í burtu.
Lengd 15 1/2, br 13, h 6 al. Alver hlaup. al.á Kr 488.00 7564.00
5 ofnar: 2/10, 1/80, 1/65, 1/45. 1 eldavjel á 75 Kr. 485.00
Litr a Við norðurhlið hússins er byggður skúr af bindingi, Kl. sit. m. gl. borðum, p. t. og járni og m. járnþaki á gl. borðaðri m. pappa á milli. Innan á binding er pappi. Hann er að mestu leyti fiskaður og málaður innan.
Lengd 18 al, br 4 1/4 al., hæð á 1 álnum er 5 1/2 al, en á 4 álnum 3 1/2 alin. Alver hlaup. al.á Kr. 81.00 1458.00
Við norðurhlið á skúr þessum er skýli fyrir steinolíumótor og er verð þess innifalið í virðingarupphæð skúrsins litr. c. Skýli þetta er áfast við húsið Litr.
Litr b a en 2 1/2 alin frá því að húsinu Litr b.
Litr b Fyrir norðan húsið Litr. a, á sömu lóð er einlyft hús með J al. risi, eign áður hefur verið geymsluhús, en nú eru í því íbúðarklefar og geymsla. Húsið er b. af binding, Kl. sit. m. borðum, pappa og járni á veggjum en skífu og járni á þaki. Niðri í húsinu eru 2 geymslurúm gangur og í herbergi fóðrað innan með Cokolithplötum og er það með steinsteypugólfi, en að öðru leyti eru gólf í húsinu úr timbri. Þar er ljóst. Uppi eru 4 herbergi fiskuð og 3 með Cokolithplötum, allt málað. Þar er ljóst.
Lengd 22 1/2, br 14 1/2, h 4 1/2 al. Alver hlaup. al.á Kr 276.00 5535.00
2 ofnar: 1/175, 1/75 250.00
Kr. 15292.00

4 533. Jóhann Kaupmaður Jóhannesson hefur endurbætt húseign sína við Laufásveg Nº 39, Reitur 533. Húsið

533. er b. af binding, Kl. sit. m. gl. borðum, pappa og járni. Þar eru á veggj. og þaki. Í eldhúsi er fyllt með malarlím, sementeruð í sút. Niðri eru 3 íbúðar herbergi, fiskuð og m. pappa á veggjum og 2 af þeim m. ofn. og pappír á loftum; þar er lokað gangur og allt málað. Þar er ljóst og eldavjel. Uppi eru 2 herbergi fiskuð og máluð. Þar er í eldavjel. Kjallari 3 1/4 al. á hæð er undir öllu húsinu. Í honum er steinsteypt gólf; þar eru 2 geymsluklefar, gangur og eldhús fiskað og málað. Þar er í eldavjel.
L. 8 al., br 8 al., h 4 al. Alver hlaup. al.á Kr. 253.00 2024.00
1 ofn á 140 Kr. 3 eldavjelar: 1/50, 2/25 140.00
Við norðurgafl hússins er skúr b. af binding, Kl. sit. m. járni á lárétt borðum á veggj. og þaki.
L 4 al., br 4 1/2 al., h 3 1/2 al. Alver hlaup. al.á Kr. 27.00 108.00
2272.00

Ólafur Þorsteinsson Hjörtur Snæ. Bjarnason
Ólafur Þorsteinsson Sigurður Jónsson.
Jóhann Jóhannesson

Reikningar og skýringar þ. 17/7 1910.

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 hinn 25 Júní mætti Á. Þorsteinsson, settur brunamálastjóri í Reykjavík ásamt hinum fyrri virðingarmönnum til þess eftir beiðni að virða til brunabóta eftirfarandi hús:

1237

Steingrímur Þjeðmundsson o. fl. hafa við framlengingu Þerstadastakks byggt einlyptan skúr af timbri, Kl. út. m. pl. 3/4" borðum og pappa og m. járnþaki á pl. 3/4" borðuð með pappa og listum á milli. Í alla útveggi og þak er fyllt með sagspónum.

Skúrinn er notaður fyrir hænsnahús og þiljaður í 5 klefa og 1 geymsluherbergi, allir er skúrinn þiljaður innan m. pl. 3/4" borðum og gólfið er einng. úr pl 5/4" og einng. úr pl. 3/4" borðum.

L. 22 al., Br 4 3/4 al., H 3 1/2 al. Ofver hlaup. al. á Kr. 58.00 — 1276.00

Kr. 1276.00

Árni Þorsteinsson Þórhjartarson Sigvaldi Bjarnason

Steingr. Guðmundsson

Ár 1910 hinn 3 júlí mætti Á. Þorsteinsson, settur brunamálastjóri ásamt hinum fyrri virðingarmönnum til þess eftir beiðni að virða til brunabóta eftirfarandi húseign:

1238

Jón Sveinsson frá Þorsteinsson hefur við Laugaveg No. 76 byggt timbrað hús m. 3 3/4 al. risi. Húsið er byggt af steinsteypu með járnþaki á pl 5/4" borða klæð m. pappa á milli. Niðri er kvistherbergi úr steinsteypu og uppi í langsherbergi úr steinsteypu. Húsið er enn í smíðum.

L. 14 al., Br 14 al., H 10 1/4 al. Ofver hlaup. al. á Kr. 420 — 5880.00

Við suðurhlið er inn- og uppgöngustigur, byggður einn, hálfhattur í kvert og er sömuleiðis í smíðum.

L 9 3/4 al., Br 4 al., H 10 1/4 al. Ofver hlaup. al. á Kr. 92.00 — 897.00

Kr. 6777.00

Árni Þorsteinsson Þórhjartarson Sigvaldi Bjarnason
Jón Þorsteinsson

10/7 1910.

Ár 1910 hinn 10 Júlí mætti Á. Þorsteinsson settur brunamálastjóri ásamt hinum fyrri virðingarmönnum til þess eftir beiðni að virða til brunabóta eftirfarandi hús:

668/0

Hjálmtýr Kaupmaður Sigurðsson hefur á lóð sinni við Lækjargötu No. 12 A. Br. 668 rifið niður geymsluhúsið lit. c og byggt í þess stað annað geymsluhús úr steinsteypu með skúrþaki. Þakið er úr járni á pl 1" borðum með pappa á milli. Niðri í húsinu eru 3 geymsluherbergi og þvottahús og gangur. Uppi eru 2 herbergi og gangur, allt þiljað í vatnspottur. Í efra lofti er milligólf.

L 15 al., Br 6 al., H 8 1/2 al. Ofver hlaup. al. á Kr. 120.00 — 1860.00

Kr. 1860.00

Þórhjartarson Sigv. Bjarnason
Árni Þorsteinsson

Yfirlýsing virðingarmanns.

Um leið og jeg undirritaður að beiðni Herra Kaupmanns Jóhannesar Þorsteinssonar, tek að mjer að skoða og meta brunabótavirðingu á einu smíðahúsi hans við Vatnsstíg No. 3 varð fyrir 16 þ. mán., lýsi jeg hjer með yfir við drengskap minn og lofa að inna mitt af hendi eftir bestu þekkingu og vitund, þannig að það verði rjettlátt í alla staði og jeg geti unnið að því eið, ef krafist verður.

Reykjavík 23 júlí 1910

Samúel Jónsson

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 hinn 23 júlí mætti Á. Þorsteinsson f. hönd brunamálastjóra Ól. Þorsteinssonar ásamt öðrum hinna fyrstu virðingarmanna, hr. Sigmundi Hirti Hjartarsyni f. húseigninni Nr. 3 við Vatnsstíg, Bruni 864 sem er eign Hr. Kaupmanns Jónatans Jónssonar til þess að skoða brunaskemd sem húseignin varð fyrir þ. 16 þ. mán. Skaðinn var tilkynntur af eigandanum til brunamálastjóra með bréfi dags þ. 19 s. mán., og hefur eiganduin verið falt sjálft sinn til að velja annan virðingarmannanna og til þess kjörið Hr. hr. Sigmundi Jónsson, sem ásamt eiganduin var mættur við virðingargjörðina. Brunaskemdin hefur orðið í smíðahúsinu Lit. d sem var tekið í brunaábyrgð þ. 4 júní þ. ár og já virt með mótor og vjelum sem í því eru á samtals Kr 9746.00 og er: 4 kl 1/2 og 23.6.

Brunann mun hafa orsakast við að kviknað hefur út frá þurkofni sem er í vinnuhúsi hússins og var eldurinn slökktur af húseiganda áður en slökkvilið kom til staðar. Brunaskemdin er innifalin í því að kalkhúðin á veggjum hefur sprungið og aðfallið skemmst, 36 rúður sprungið og Cokolithplötur sem loftið er klætt með skemmst.

Til þess að bæta skaðann og setja allt í jafn gott lag og áður þarf:

I)	36 gleruðir með kítti	Kr. 32,25
II)	Efni til viðvegar á loft og veggi	" 14.75
III)	Vinnulaun, alls	" 23.-
	Skaðabótaupphæðin verður því sam kv. § 43 í samþykt.	Kr. 70.00

Húseignin hefur ekki frá því hún var tekin í brunaábyrgð orðið fyrir neinum þeim breytingum er geti haft áhrif á upphæð skaðabótanna. Matsgjörð þessi var framkvæmd af ofannefndum tveim virðingarmönnum með skírskotun til

áður gefna upplýsingar þeirra og skýrslu í 1 lið hins.

Ásm Þorsteinsson
Hjartarson
Samuel Jónsson
Jónatan Jónsson

Ár 1910 hinn 23 júlí mætti Á. Þorsteinsson f. hönd brunamálastjóra Ól. Þorsteinssonar ásamt hinum fyrstu virðingarmönnum til þess eftir beiðni að virða til brunabótaupphæðar eftirfarandi húseign:

Guðmundur Kristinn Eyjólfsson hefur á lóðinni við Bergstaðastræti Nr. 11, brun. 285 byggt hæð og kjall. Húsið er 6. af steinsteypu á 3 vegu og með járni á langþakinu á vesturhlið og þaki. Í kjallaranum er timburloft og gólfið úr steinsteypu.

Lengd 11 1/2 al., br 8 al., h 5 al. Utan klæðn. al. á Kr 100.00 — 1150.00

Virðist húsið er 23/4 alin

Hjartarson Sigm. Bjarnason
Ásm Þorsteinsson
Guðm. Kr. Eyjólfsson
Jónatan Jónsson

Kr. 1150.00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 hinn 30 júlí mætti Á. Thorsteinson J.H. brunamálastjóra H. Thorsteinson áásamt hinum fóstu virðingarmönnum til þess eftir beiðni að virða til brunabóta eftirfarandi húseignir:

554.

J. E Jensen Kaupmaður hefur gjört eigandi að lóð þeirri sem húsið Nº 23 í Þingholtsstræti, Þrbr. 554 stóð á, en húsið brann þ. 22 janúar þ.á. Hr. Jensen hefur nú á sama grunni reist timbrað í bindarhús með 5 al. risi. Húsið er byggt af binding, Kl. út. m. gl í bortum, þ. l. og járni á þaki og veggjum. Innan á binding er pappi og milligólf í öllum bitalögum. Neðan á öllum loftum er klætt með Cokolithplötum. Niðri í húsinu eru 6 herbergi og gangur. Uppi eru líka 6 herbergi og gangur. Á þriðja gólfi er þurkloft. Kjallari 4 al á hæð er undir öllu húsinu. Húsið er allt í smíðum.

L 21 al., br 12 al., h 10 al. Hver klaup. al. á Kr. 489		10269,00
Við austurhlið hússins er inn og uppgöngustétt, byggðir einn og húsið; hann er líka í smíðum		
L 3½ al., br 3½., h 14 al., hver klaup. al. á Kr. 144		504,00
Við norðurgafl hússins er geymsluhús með steinþaki og kjallara, einlyft. það er þiljað að innan og hólfað í tvennt. það er byggt einn og húsið og enn í smíðum.		
L 6 al., br 12, h 5 al. Hver klaup. al. á Kr.	288	1728,00
	Kr.	12501,00

Árni Thorsteinson. Þjarkarson Sigv. Bjarnason Gunnlaugsson

30/7 1910 2 6/8 '10

Ár 1910 hinn 30 júlí mætti Á Thorsteinson J. hrepp brunamálastjóra H. Thorsteinson áásamt hinum fóstu virðingarmönnum til þess eftir beiðni hr. Björns Þorbjarnar Klaessonar að skoða viðgjörðina á brunastaðnum þeim húseign hans Nº 22 í Þingholtsstræti, Þrbr. 291, sem þess við brunann þ. 22 janúar þ.á. Skemdist þá málningin utan á húsinu og 28 rúður af ýmsum stærðum sprungu. Húsið hefur nú allt verið málað og og allar rúður verið endurnýjaðar, svo að allt er komið í jafn gott lag og það var fyrir brunann og álítum við að til þess hafi verið varið þeir sem dæmast til upphæðar skaðabótanna Kr. 52.00.

Árni Thorsteinson. Þjarkarson Sigv. Bjarnason

Ár 1910 hinn 6 ágúst mætti Á Thorsteinson J. hrepp brunamálastjóra H. Thorsteinson áásamt hinum fóstu virðingarmönnum til þess eftir beiðni að virða til brunabóta eftirfarandi húseignir:

1º 280

Helgi Thordersen bæjarfógeti hefur reist hús eitt rétt í Þingholtsstræti Nº 21, brbr. 280, sem stóð skemdist við brunann þ. 22 janúar þ.á., og byggt það upp aftur. Húsið er einlyft með 4 al. risi, byggt af binding, Kl. út. m. gl. 5/4" bortum, þ. l. og járni þar eins á veggjum og þaki. Húsið er í smíðum en búið er að láta milligólf í neðra bitalag. Kjallari 3⅔ al. á dýpt er undir öllu húsinu, hann er með steinsteypugólfi og hólfaður með steinsteinsveggjum í 4.

Lengd 16 al., br 12 al., h 10 al. Hver klaup. al. á Kr. 405.00		6480.00
Við austurhlið er inn- og uppgöngustétt, byggðar einn og húsið, hann er sömuleiðis í smíðum.		
L 4 al., br 3½, h 13¾ al. Hver klaup. al. á Kr. 123.00		492.00
	Kr.	6972.00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2o. Jón Jóhannsson hefir á lóð sinni við Laugaveg
No 69, Brbr. 706 byggt hesthús úr steini. Það er
706 einlyft með 16" risi og á því er járnþak á þil 1"
8/11 borða eið með pappa á milli. Í húsinu eru
5 básar og það er hólfað í kvennt; í því er stein-
steypugólf og plankar ofan á því í básunum.
Lengd 10 al., br 6 al., h 4½ al. Alver hlaup. al. á Kr. 90.00 900.00
s/o Kr. 900.00

Árni Thorsteinsson. Hjörtur Hjartarson Sigv. Bjarnason
Helgi Thordersen
Jón Jóhannsson

Ár 1910 hinn 13 ágúst mætti Á. Thorsteinson f.
hönd brunamálastjóra H. Thorsteinson ásamt hinum
góðu virðingarmönnum til þess eftir beiðni að virða
til brunabóta eftirfarandi húseignir:
1o. Reinhold Andersen hefir endurbætt húseign sína
No 9 við Adalstræti, Brbr. III. Húsið er byggt af
III/ bindingi með 6 al. risi, Kl. út. m. Kantskeltum 5/4" borðum
pappa og járni á þaki og veggjum. Í húsinu eru
4 kvistgluggar. Innan á bindingi er pappi og milli-
gólf í einu bitalagi. Niðri í húsinu eru 2 eld-
hús með búðarinnrjettingu, 2 skrifstofur, 2 íbúð-
arherbergi, 3 geymsluherbergi, 3 gángar og 1 eld-
hús; allt þiljað og m. striga og pappír á veggj. og loft-
um, allt málað. Þar eru 3 ofnar og 1 eldavjel. Á 2den
gólfi eru 8 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 4 gángar og 4 skáp-
ar, allt þiljað og með sama frágang og niðri. Þar eru
4 ofnar og 2 eldavjelar. Á þriðja gólfi eru 9 íbúðarher-
bergi (og), í eldhús og 2 gángar, allt þiljað og 5 af her-
bergjunum m. striga og pappír. Þar eru 5 skápar, 5 ofnar
og 1 eldavjel. Kjallari er undir öllu húsinu 3 al. á hæð,

í helming hans er steinsteypugólf, þar er í veggjum eftir
endilöngu húsinu úr steini og kjallarinn hólfaður í 9
geymslurúm og 2 ganga.
Lengd 25 al., br 20 al. h 9¾ al. Alver hlaup. al. á Kr. 1073.00 26825.00
12 ofnar: 1/40. 2/55. 2/65 2/75. 1/70. 1/40. 3/50 4 eldavjelar: 2/100. 2/55 1050.00
Þyrst norðan hússins, á sömu lóð, er byggt geymsluhús
með 2 al. risi, byggt af Binding, Kl. út. m. Kantskeltum
5/4" borðum og járni þar yfir og með járnþaki á láng-
böndum. Í því er loft og gólf.
L 12½ al., br 8 al., h 8 al. Alver hlaup. al. á Kr. 72.00 900.00
s/o Kr. 28.775.00

2o. Magnús Kaupmaður Þorsteinsson hefir endurbætt
húseign sína við Bankastræti 12, Brbr. 459.
Húsið er byggt með risi, byggt af Binding, Kl. út. m.
459/ einföldu gólfborðum og einföldu óplægðum borðum, pappa,
o listum og járni og með járnþaki á 5/4" borða eið með
pappa á milli. Innan á bindingi er pappi. Niðri í
húsinu er sölubúð með búðarinnrjetting, þiljuð og
m. striga og pappír á veggj. og lofti, allt málað. Þar er 1 ofn.
Uppi eru 2 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað og m.
striga og pappír á veggj. og loftum, allt málað. Þar er 1 ofn
og 1 eldavjel. 2 ofnar: 1/140. 1/55 1 eldavjel 50 Kr. 245.00
Lengd 13 al., br. 10 al. h 9¾ al. Alver hlaup. al. á Kr. 429.00 5577.00
Við austurhlið á þessu húsi er byggt útbygging, b. af
bindingi og sama byggingarlag og á húsinu. Niðri í út-
byggingunni er í geymsluherbergi þiljað og málað. Uppi
eru 2 herbergi og gangur, þiljað og m. str. og pappír á veggj.
og loftum, allt málað. Þar er 1 ofn. ~~Kjallari er undir þessum~~
Lengd 8 al., br 6 al., h 7½ al. Alver hlaup. al. á Kr. 180.00 1440.00
1 ofn. 55 Kr. 55.00
Við austurhlið þessarar útbyggingar er byggður stór
með eldvarnarhlið en að öðru leyti byggður eins. Niðri í honum
eru 2 gángar í geymsluherbergi, sömuleiðis uppi, allt þiljað
og málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir
Flyt Kr. 7317.00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt Kr. 7317.00

Þessum skúr, 2 3/4 al. á hæð, hann er klæddur innan
L. 6 1/2 al., br. 5 3/4 al., h. 7 1/4 al. hver hlaup. al. á Kr. 194.00 1261.00
sþ Kr. 8578.00

3o Guðmundur Kr. Eyjólfsson hefur beðið um virð-
ingu á skúr sem er áfastur við íbúðarhús hans
285 Nº 11 við Bergstaðastræti, brbm. 285. Skúrinn er
Litt. b. b. af binding, kl. rit. m. járni á báðum böndum
á veggj. og þaki og hólfaður í þrennt. Skúrinn
er fyrir geymslu.
Lengd 7 al., br. 7 al., h. 4 al. hver hlaup. al. á Kr. 42.00 294.00
sþ Kr. 294.00

Virðingarmenn Sigv. Bjarnason
Árni Þorsteinsson
Magnús Þorsteinsson
Rennt. Andersen

Ár 1910 hinn 20 ágúst mættu Á. Þorsteinsson
f. hönd brunamálastjóra H. Þorsteinsson ásamt
hinum löðlu virðingarmönnum til þess eftir
beiðni að virða til brunabóta eftirfarandi
húseignir:

Með bréfi dags. 16. sept. 1910 hefir bæjarstjórn Reykjavíkur falið brunamálastjóra að framkvæma virðingu á eftirfarandi húseignum, sem ákveðið hefir verið að flytja úr bæjarlandinu.

1o Gísli Kaupmaður Jónsson og Jón Kaup-
maður Guðmundsson, eiga eina húseignina Nº
24 við Laugaveg, Þbrm. 202 hafa óskað eftir
að fá húseigninni skift á milli sín og hver
um sig virðingu á sínum helming húseignar-
innar. Gísli Jónsson er eigandi að vesturhelm-
ing hússins; hann er byggður af binding, kl. rit
m. pl. 5/4" borðum, pappa og járni. Þar eru á
3 hliðum og þaki. Í binding er filtpappi. Niðri
í húsinu eru 1 sölubúð með búðarinnrjettingu, 1 skrif-
stofa og 1 geymsluherbergi, allt þiljað og málað. Þar
eru 2 ofnar. Á 2den hæð eru 3 íbúðarherbergi og
eldhús og í skúrnum, allt þiljað og herbergin m. striga
og pappír á veggj. og loftum, allt málað. Þar eru 2
ofnar og 1 eldavjel. Á 3ju hæð eru 2 íbúðarherbergi
og framloft, þiljað og málað. Þar er 1 ofn.
Lengd 10 al., br. 12 al., h. 9 3/4 al. hver hlaup. al. á Kr. 540.00 5400.00
5 ofnar: 1/58; 1/58; 1/42; 1/40 1 eldavjel á 61 Kr. 291.00
Við vesturgafl þessa helmings er inn- og uppgöngu-
skúr byggður af binding, kl. rit. m. pl. borðum,
pappa og járni á 2 hliðum og þaki; eldvarnar-
gafls að vestanverðu; hann er þiljaður innan
og klæddur m. striga og pappír á veggj. og lofti.
Lengd 3 al., br. 6 al., h. 9 3/4 al., hver hlaup. al. á Kr. 264.00 792.00
Við austurhlið er inn- og uppgöngu-skúr, byggður úr
og húsið.
Lengd 3 al., br. 3 1/2 al., h. 8 1/2 al. hver hlaup. al. á Kr. 111.00 333.00
Eign Gísla Jónssonar er því alls Kr. 6816.00

Austurendi hússins, eign Jóns Guðmunds-
sonar Kaupmanns er b. af binding, kl. rit m
pl. 5/4" borðum, pappa og járni á 3 hliðum og þaki.
Í binding er filtpappi. Niðri í húsinu er sölu-
búð m. búðarinnrjettingu, 2 herbergi og gangur,
allt þiljað og málað. Þar eru 2 ofnar. Á 2den
hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt
þiljað og herbergin m. striga og pappír á veggj. og
loftum, allt málað. Þar eru 1 ofn og 1 eldavjel.
Á 3ju hæð eru 2 herbergi og framloft, þiljað og
málað. Þar er 1 ofn og 1 málaeldavjel.
Lengd 10 al., br. 12 al., h. 9 3/4 al. hver hlaup. al. á Kr. 540.00 5400.00
4 ofnar: 1/58; 1/50; 1/45; 1/35 2 eldavjelar: 1/70; 1/26 284.00
Við austurhlið þessa húss er inn- og uppgöngu-skúr
byggður úr og húsið.
Lengd 3 al., br. 3 1/2 al., h. 8 1/2 al. hver hlaup. al. á Kr. 111.00 333.00
Sunnan til á lóðinni er einlyftur geymsluskúr, b. af
binding, kl. rit. m. pl. 5/4" borðum á 3 vegu; suðurgafl úr steini.
Hann er þiljaður að innan og fylt í binding m. marhálmi.
Flyt Kr. 6017.00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt Kr. 6017.00

Lengd 12 al., br 6 al., h 4½ al. Hver hlaup. al. á Kr. 40.00 — 480.00

~~Eign Jóns Gudmundssonar er þú alls metin á Kr 6497.00 en báðar eignirnar til sámans á Kr 13.313.00~~

2º Sigurður Kaupmaður Björnsson o. fl. hafa á lód sinni, Norðurmýrarbletti Nº 2 byggt einlyfta heyhlöðu úr steinsteypu með 4 al. risi og járnþaki á lángböndum. Í húsinu er steinsteypugólf og er loft í nokkrum hluta þess.

Lengd 12 al., br 12 al., h 5 al. Hver hlaup. al. á Kr. 190.00 — 2280.00

Kr. 2280.00

Árni Thorsteinson. Hjartarson Sigv. Bjarnason

Fyrir mína eigin hönd og meðeigenda minna
Sig. Björnsson

Ár 1910 hinn 28 ágúst mætti Á. Thorsteinson f. hönd brunamálastjóra H. Thorsteinson ásamt hinum fóstu virðingarmönnum til þess eftir beiðni að virða til brunabóta eftirfarandi húseignir:

1º Elín Erlendsdóttir hefur umbætt hús sitt við Vatnsstíg Nº 8, Brbur 579. Húsið er einlyft með 4½ al. risi, b. af binding, kl. út. m. gólfbordum pappa og járni á veggj. og þaki. Í binding er fyllt með markálm. Niðri eru 4 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað og 2 herbergin með pappa á veggjum, allt málað. Þar eru 2 ofnar og 1 eldavjel. Uppi eru 3 íbúðarherbergi og framloft, allt þiljað og málað; þar eru 2 eldavjelar. Kjallari 3 al. á hæð er undir húsinu; í honum eru 2 herbergi þiljuð og máluð, geymsluklefi og gángur, þar eru 2 ofnar.

Lengd 10 al., br 9 al., h 5 al. Hver hlaup. al. á Kr. 312.00 — 3120.00

